



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Íshokkí á Íslandi**

*- Heimildamynd um íþrótt á uppleið*

**Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir**

**Maí 2012**

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Hagnýt menningarmiðlun

# Íshokkí á Íslandi

*- Heimildamynd um íþrótt á uppleið*

Lokaverkefni til M.A.-prófs

Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir

Kt.: 090484-2659

Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir

Maí 2012

## ÁGRIP

Þessi greinargerð er hluti af meistaraverkefni mínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Greinargerðin skiptist í tvo meginkafla. Annars vegar fjalla ég um vinnuferlið allt frá því þegar ég ákvað að gera heimildamynd sem lokaverkefni þar til ferlinu lauk með skilum vorið 2012. Hins vegar er fræðilegur kafli sem snertir á álitamálum sem ég kynntist þegar heimildamyndin var í vinnslu og tengjast heimildamyndagerð sem miðlun, siðferðilegum spurningum sem vöknudu í ferlinu, skilgreiningu minnar myndar innan íslenskrar heimildamyndagerðar og síðan mögulegri útgáfu myndarinnar og hugsanlegri dreifingu.

Með greinargerðinni fylgir DVD diskur með *Íshokki á Íslandi - heimildamynd um íþrótt á uppleið*.

## EFNISYFIRLIT

1	FORMÁLI.....	1
2	INNGANGUR.....	2
3	HEIMILDAMYNDIN: ÍSHOKKÍ Á ÍSLANDI .....	4
4	ÍSHOKKÍ Á ÍSLANDI.....	6
5	DAGBÓK.....	9
6	MIÐLUN .....	14
	I. AF HVERJU HEIMILDAMYND?.....	14
	II. SIÐFERÐILEGAR VANGAVELTUR .....	16
	III. ÚTGÁFA OG DREIFING .....	19
7	NIÐURLAG.....	22
8	HEIMILDASKRÁ .....	24
9	VIÐAUKAR.....	27
	VIÐAUKI I .....	27
	VIÐAUKI II .....	46
	VIÐAUKI III .....	49
	VIÐAUKI IV .....	59
	VIÐAUKI V .....	62
	VIÐAUKI VI.....	67
	VIÐAUKI VIII .....	68

## 1 FORMÁLI

Ég vil þakka öllum sem komu að gerð heimildamyndarinnar *Íshokki á Íslandi – heimildamynd um íþrótt á uppleið*. Sérstaklega vil ég þakka Íshokkísambandi Íslands (ÍHÍ) fyrir að veita mér ferðastyrk vegna verkefnisins haustið 2011 og viðmælendum mínum þeim Viðari Garðarssyni formanni ÍHÍ, Söruh Smiley þjálfara hjá Skautafélagi Akureyrar (SA) og landsliðskonu í íshokki, Richard Tathinen landsliðspjálfa kvenna og Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur landsliðskonu í íshokki, þjálfara og dómara. Ennfremur þakka ég SA sem veitti mér leyfi til að nota myndefni í þess eigu frá stórmóti SA árið 1941 sem hefur aldrei verið sýnt áður. Ég vil einnig koma á fram þökkum til Ásgríms Ágústssonar, Bryndísar Ingibjargar Björnsdóttur og Steinunnar Erlu Sigurgeirsdóttur fyrir að veita mér leyfi fyrir að nota ljósmyndir í þeirra eigu í myndinni. Heimildamyndin er tileinkuð íslenska kvennalandsliðinu í íshokki.

## 2 INNGANGUR

Þessi greinargerð er hluti af meistaraverkefni mínu í hagnýtri menningarmiðlun en hún skiptist í tvo meginkafla. Annars vegar fjalla ég um vinnuferlið allt frá að ég ákvað að gera heimildamynd sem lokaverkefni þar til að ferlinu lauk með skilum vorið 2012. Hins vegar er fræðilegur kafli sem snertir á álitamálum sem ég kynntist þegar heimildamyndin var í vinnslu og tengjast heimildamyndagerð sem miðlun, siðferðilegum spurningum sem vöknudu í ferlinu, skilgreiningu minnar myndar innan íslenskrar heimildamyndagerðar og síðan mögulegri útgáfu myndarinnar og hugsanlegri dreifingu.

Í þessari greinargerð er notað ártalakerfið í heimildaskránni en Chicago kerfið í tilvísunum.

Með greinargerðinni fylgir DVD diskur með *Íshokki á Íslandi - heimildamynd um íþrótt á uppleið*. Í myndinni er reynt að beina athygli markhópsins að íþrótt sem hefur verið að ná vaxandi vinsældum undanfarinn áratug. Sérstök áhersla er lögð á byrjendur, kynningu á íþróttinni og hlut kvenna í íslensku íshokki. Ástæðan fyrir þessu vali er sú að konur sem æfa íþróttina eru mun færri en karlmenn.<sup>1</sup>

Markmið myndarinnar er að stuðla að frekari útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi og bæta almenna þekkingu Íslendinga á íþrótt sem hefur verið stunduð hér á landi síðan í byrjun 20. aldar. Vinsældir íshokkis hafa aukist verulega á Íslandi í upphafi 21. aldar þar sem starfsemi skautafélaganna hefur aukist undanfarin ár.

Í greinargerðinni er lagt upp með þrennt sem ég tel rétt að fjalla um:

1. Að gefa stutt yfirlit yfir sögu íshokki á Íslandi.
2. Að setja fram skýrslu um vinnuferlið.
3. Að ræða um nokkur fræðileg álitamál sem tengjast gerð myndar af þessu tagi en í því sambandi vakna ýmsar spurningar.
  - a. Heimildamyndagerð: Af hverju var þessi miðill valinn umfram annan? Hvað hefur þessi miðill fram yfir aðra miðla fyrir þetta tiltekna efni? Hvar á þessi heimildamynd heima innan íslenskrar heimildamyndaflóru?
  - b. Siðferðilegar vangaveltur: Umfjöllun um ýmis álitamál varðandi heimildamyndagerð sem spruttu upp við gerð myndarinnar.

---

<sup>1</sup> Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Viðtal 10. október 2011. Bls. 63 í viðauka: „Það eru mikið fleiri strákar að æfa íshokki og en það er alltaf að bætast í stelpuhópnum, í kvannahópnum.“

- c. Útgáfa og dreifing: Er markmiði myndarinnar náð? Hvað gerir þessi heimildamynd fyrir íshökkí á Íslandi? Hefur hún áhrif?
- d. Hvernig kem ég henni á framfæri svo að ég nái eyrum sem flestra í markhópi myndarinnar? Markhópur myndarinnar eru Íslendingar sem vita lítið sem ekkert um íshökkí, áhugasamir einstaklingar sem og iðkendur.

Markmið þessarar greinargerðarinnar er að útskýra vinnuferlið í heild sinni en jafnframt að fjalla um ýmis álitamál sem spruttu upp við vinnslu myndarinnar.

### 3 HEIMILDAMYNDIN: ÍSHOKKÍ Á ÍSLANDI

Heimildamyndin *Íshokki á Íslandi - heimildamynd um íþrótt á uppleið* er kynning á íþrótt sem hefur verið stunduð á Íslandi um árabil. Í þessari kynningu legg ég áherslu á vissa þætti varðandi íþróttina og ástundun hennar. Mikilvægt er að kynna sögu íþróttarinnar á Íslandi fyrir áhorfendum þar sem sú saga er áhugaverð, sérstaklega í ljósi þess hvernig íþróttin barst til Íslands á sínum tíma. Myndefni frá 1941, sem er í eigu Skautafélag Akureyrar (SA), er góð heimild um hvernig íþróttin var stunduð á þeim tíma.

Í myndinni fléttast saman margvíslegar tegundir af myndefni; gamlar ljósmyndir og myndefni frá Akureyri, blaðgreinar, nýjar ljósmyndir, viðtöl og margvíslegar aukatökur bæði frá Reykjavík og Akureyri. Í upphafi myndarinnar er lítill drengur, sem æfir með Skautafélagi Reykjavíkur, að eltast við þökk og skýtur honum að lokum í átt að marki. Þetta atriði setur tóninn fyrir myndina. Mun hann skora? Mun myndin hitta í mark? Mun myndin hjálpa til við útbreiðslu íþróttarinnar svo að þessi drengur þurfi ekki lengur að standa einn á svellinu? Ég notaði einnig stutta töku sem var tekin upp eftir sigur íslenska kvennalandsliðsins á HM árið 2008 en þar sést liðið syngja íslenska þjóðsönginn af mikilli innlifun og reyndist þetta vera finn endir á myndina.

Í grein Björns Ægis Norðfjörð, lektors í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands, í tímaritinu *Sögu 2008 „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld“* koma fram skilgreiningar á ýmsum tegundum heimildamynda en í greininni leggur Björn áherslu á heimildamyndir sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir hvíta tjaldið.<sup>2</sup>

Í greininni ræðir Björn jafnframt um fjóra ólíka flokka heimildamynda en þar fer hann eftir flokkunarkerfi Bill Nichols, kvikmyndagagnrýnandi sem hann greindi frá í bók sinni *Representing Reality*. Samkvæmt Nichols falla heimildamyndir í fjóra flokka: skýringarmynd, könnunarmynd, gagnvirk mynd og sjálfhverf mynd. Skýringarmyndin er elsta tegund heimildamynda. Þar er reynt að skilgreina fyrir áhorfendum ákveðið viðfangsefni þar sem það er oft ósýnilegur sögumaður sem talar yfir myndinni. Könnunarmynd er ólík skýringarmyndinni að því leyti að þá reyna tökumenn og framleiðendur ekki að hafa áhrif á viðfangsefni sitt. Ég tel að þetta sé sannasta form heimildamynda, að því leyti að það þykir óviðeigandi að nota handrit og engir leikarar, ljósabúnaður, sögumaður eða sviðsmynd eru til staðar. Aðeins viðfangsefnið og myndavélin. Í gagnvirku myndinni taka

---

<sup>2</sup> Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld,“ bls. 114-115.



heimildamyndagerðamenn virkan þátt í myndinni ásamt viðfangsefninu og hafa þ.a.l. áhrif á útkomu myndarinnar. Að lokum er sjálfhverfa myndin sem er kannski erfiðast að útskýra en Björn Ægir útskýrir svo: „ ... athyglinni er beint að eiginleikum textans. Framsetning hins sögulega heims – raunveruleikans – verður sjálf eitt helsta viðfangsefni sjálfhverfu myndarinnar.“<sup>3</sup>

Að mínu mati fellur *Íshokki á Íslandi* undir flokkinn skýringarmyndir: það er sögumaður, viðtöl og margvíslegt myndefni. Í myndinni er mjög afmarkað viðfangsefni – íshokki – þar sem sögumaður, sem er ég sjálf, segir frá sögu íshokki á Íslandi með hjálp myndefnis á borð við gamlar blaðgreinar um uppgang íþróttarinnar á Akureyri. Fréttir af Fálkunum – vestur-íslenska íshokkiliðinu sem vakti mikla athygli á Íslandi og gamlar ljósmyndir af áhugasömum Akureyringum. Síðan notaði ég einnig ljósmyndir og annað myndefni af byrjendum á námskeiðum skautafélaganna og íslenska kvennalandsliðinu í íshokki. Þorsteinn Helgason sagnfræðingur fjallar um sögulegar heimildamyndir í greininni „Sagan á skjánum. Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp“ sem birtist í *Sögu* 2002. Hann segir að með tilkomu sjónvarpsins hafi þetta nýja birtingarform „sögunnar haslað sér völl ... Í þeim blandast fræðsla og skemmtun, sannleiksleit og skáldskapur.“<sup>4</sup> Skilgreining Þorsteins á sögulegri heimildamynd, í flokki fræðslumynda<sup>5</sup>, gæti vel átt við myndina mína. Í henni koma þessir þættir fram; fræðsla um íshokki, skemmtanagildi íþróttarinnar sést á andlitum barnanna sem þjóta um svellið og viss sannleiksleit um eðli íþróttarinnar.

Björn Ægir Norðfjörð talar einnig um annað flokkunarkerfi – fjóra flokka sem hann flokkar íslenskar heimildamyndir í en hann talar um að íslenskar heimildamynda hafi verið einsleitar. Flokkarnir eru: „1) utangarðsmenn og þjóðþekktir einstaklingar; 2) mannlífið á afmörkuðum stað; 3) tónlist; 4) fjölmening eða breytt íslenskt samfélag.“<sup>6</sup> Myndin *Íshokki á Íslandi* fellur ekki undir neina af þessum skilgreiningum Björns Ægis. Myndin fjallar vissulega um mannlíf en er hægt að segja að það sé á afmörkuðum stað? Vissulega fjallar myndin um íshokkiheiminn sem er visst mannlíf á afmörkuðum stað, íshokkiheiminum. Ef hún á að falla undir einhvern af flokkum Björns Ægis, þá er það helst 2) Mannlíf á afmörkuðum stað. Hinsvegar tel ég að það verði að setja myndina mína í flokkinn sem ég ræddi áðan, söguleg heimildamynd, í flokki fræðslumynda eftir skilgreiningu Þorsteins Helgasonar.

<sup>3</sup> Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld,“ bls. 118.

<sup>4</sup> Þorsteinn Helgason: „Sagan á Skjánum. Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp,“ bls. 41.

<sup>5</sup> Þorsteinn Helgason: „Sagan á Skjánum. Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp,“ bls. 43.

<sup>6</sup> Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld,“ bls. 123.

## 4 ÍSHOKKÍ Á ÍSLANDI

Uppruni nútíma íshokkís er í Kanada en vestanhafs hafa menn spilað nútíma íshokkí frá því í lok 19. aldar. Hinn kanadíski James M. Whalen skrifar í greininni „Kings of the Ice“ að maður að nafni J.G.A Creighton eigi heiðurinn af íþróttinni:

Ice hockey ... originated on 3 March 1875 when J.G.A. Creighton, a Halifax native then living in Montreal, who was both a scholar and a sportsman, organized an indoor game at the Victoria Skating Rink. At that time, two local teams, playing nine men a side, fought it out using crude sticks and a flat, circular piece of wood instead of a ball, with Creighton's line-up winning 2-1. This game was probably adapted from a field sport that Creighton had played, or had seen played, during the winter in Nova Scotia.<sup>7</sup>

Þó að það sé ekki markmiðið hérna að rekja sögu íþróttarinnar á heimsmælikvarða er áhugavert að velta fyrir sér hvernig íþróttin barst frá Kanada til Íslands á sínum tíma. Íþróttin var frekar ný af nálinni vestanhafs þegar Íslendingar hófu að flytja búferlum til Norður-Ameríku. Í byrjun 20. aldar fór íshokkíliðið Fálkarnir að vekja athygli í Kanada fyrir góðan árangur í íshokkí en það sem var kannski merkilegast við liðið var að það var eingöngu mannað af sonum Vestur-Íslendinga og sú staðreynd vakti nokkra athygli hér á landi þegar liðið fór að vinna hvern titilinn á fætur öðrum. Árið 1920 var liðið síðan valið til að keppa fyrir hönd Kanada á Ólympíuleikunum sem þá voru haldnir í Antwerpen í Belgíu. Liðið vann alla sína leiki og kom heim með gullið.<sup>8</sup>

Jón Hjaltason sagnfræðingur skrifar í bókinni *Saga Skautafélags Akureyrar 1937-1997* að ungir Akureyringar hafi verið einkar áhugasamir um árangur samlanda sína í kanadíska íshokkíliðinu. Þegar Haukur Stefánsson, uppallinn í Kanada, fluttist til Akureyrar árið 1934 tókst honum að sannfæra Akureyringa um að hætta að spila bandý og fara að spila íshokkí í staðinn. Ekki má gleyma þætti Gunnars Thorarensen en „hann þýddi leikreglur fyrir íshokkí úr norsku og þegar [Gunnar] frétti af kanadískum íshokkíkylfum, er lægju í reiðileysi hjá KR-ingum í Reykjavík, hafði hann samband suður, og keypti kylfu-lager Vesturbæinganna og seldi akureyskum skautamönnum.“<sup>9</sup> Þessi mikla gróska á Akureyri leiddi til þess að

<sup>7</sup> Whalen, James M.: „Kings of the ice: Hockey's first golden age,“ [Án bls.].

<sup>8</sup> Á.B.K.: „Fyrstu kynni Íslendinga af íshockey,“ bls. 2.

<sup>9</sup> Jón Hjaltason: *Saga Skautafélags Akureyrar 1937-1997*, bls. 6.

Skautafélag Akureyrar var stofnað árið 1937. Árið 1941 hélt skautafélagið síðan stórmót í skautaíþróttum þar sem var meðal annars keppt í íshökkí.<sup>10</sup> Mótið var kvikmyndað og myndefnið varðveitt og er geymt hjá Kvikmyndasafni Íslands. Það er hins vegar í eigu SA sem veitti mér leyfi til að nota þann hluta sem var tekinn af íshökkíleik. Búturinn passar einkar vel í myndina og það er áhugavert að sjá liðið spila íshökkí á þessum tíma þar sem reglur og búningar voru talsvert ólík því sem tíðkast í dag. Leikmenn virðast vera í venjulegum buxum og treyju og hvorki með hlífar né hjálma. Á myndefninu sést líka glitta í hermenn en mótið var haldið sunnudaginn 30. mars 1941<sup>11</sup> og hafa þetta því verið breskir hermenn. Eftir stórmótið 1941 var starf skautafélagsins heldur slitrótt vegna veðurs. Skautahlaup var vinsælla en íshökkí fram á seinni hluta 20. aldar þegar SA fékk loksins vélfryst svell árið 1987 sem var fyrsta svell sinnar tegundar á Íslandi og styrkti starf félagsins svo um munaði. Svellið var tekið í notkun 24. janúar 1988.<sup>12</sup> Lengi voru SA og Skautafélag Reykjavíkur (SR) einu skautafélögin á Íslandi sem stunduðu íshökkí en það breyttist árið 1990 þegar kom vélfryst svell í Laugardal.<sup>13</sup> Á haustdögum 1990 var stofnað skautafélag í Grafarvogi, Skautafélagið Björninn, og ætluðu félagsmenn að æfa íshökkí á svellinu í Laugardal. Árið 1990 voru félögin sem stunduðu íshökkí á Íslandi því orðin þrjú.<sup>14</sup>

SR var stofnað í lok 19. aldar og er því með elstu íþróttafélögum í Reykjavík<sup>15</sup> en félagsmenn fóru ekki að stunda íshökkí fyrr en eftir að nokkrir af fyrrum félögum SA fluttu til Reykjavíkur og fluttu íþróttina með sér suður yfir heiðar. Í dag eru sunnlensku skautafélögin orðin þrjú en í byrjun árs 2011 var stofnað skautafélag í Kópavogi, Skautafélagið Fálkar. Undirbúningur fyrir byggingu skautahallar í Kópavogi er þegar hafinn.<sup>16</sup> Einhver áhugi hefur verið á íshökkí annarsstaðar en á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu en í febrúar árið 2003 var stofnað Hokkífélagið Jakarnir í Vestmannaeyjum. Þeir spiluðu sinn fyrsta íshökkíleik í október síðar það sama ár við 2. og 3. flokk Bjarnarins.<sup>17</sup> Árið 1964 var ungmennafélagið Narfi stofnað í Hrísey. Undir lok 20. aldar var stofnað íshökkílið í eyinni innan þess félags en liðið var kallað Narfi frá Hrísey. Á fyrstu árum 21. aldar varð æ erfiðara fyrir Hríseyinga að

---

<sup>10</sup> Jón Hjaltason: *Saga Skautafélags Akureyrar 1937-1997*, bls. 11.

<sup>11</sup> „Skautamót,“ bls. 4.

<sup>12</sup> Jón Hjaltason: *Saga Skautafélags Akureyrar 1937-1997*, bls. 27-34,48-52, 68-81.

<sup>13</sup> „Vélfryst skautasvell í Laugardal,“ bls. 24.

<sup>14</sup> Skautafélagið Björninn: „Saga félagsins.“

<sup>15</sup> Skautafélag Reykjavíkur: „Ágrip af sögu SR – 1. hluti.“

<sup>16</sup> Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Viðtal höfundar við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur um nýtt skautafélag í Kópavogi, 10. janúar 2012.

<sup>17</sup> Íshökkísamband Íslands: „Æfingar hafnar í Egilshöll.“

manna liðið og ákváðu þeir að draga sig út úr Íslandsmóti karla í íshökkí árið 2006.<sup>18</sup> Liðið tók hinsvegar þátt í Íslandsmóti karla árin 2007-2008.<sup>19</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Íshökkísambandi Íslands er engin starfsemi á vegum íshökkíliðsins Narfa frá Hrísey um þessar mundir.<sup>20</sup> Jakarnir frá Vestmannaeyjum hættu starfsemi aðeins nokkrum árum eftir að félagið var stofnað vegna manneklu. Bæði Narfi frá Hrísey og Jakarnir frá Vestmannaeyjum áttu við aðstöðuleysi að stríða en ein af grundvallarforsendum þess að fólk geti æft íshökkí er aðstaða. Þrátt fyrir aðstöðuleysi hjá þessum félögum hafa vinsældir íþróttarinnar aukist að undanförunu á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og greinilegt að þar er mikil gróska.

Í myndinni reyndi ég að fjalla lítillega um sögu íshökkí á Íslandi en ég taldi það nauðsynlega kynningu í heimildamynd um íshökkí: að kynna sögu íþróttarinnar á landinu, hvernig hún barst til landsins og reyna að vekja þannig áhuga landans á íþrótt sem á sér merka sögu. Í næsta kafla verður fjallað um vinnuferlið við gerð myndarinnar.

---

<sup>18</sup> Íshökkísamband Íslands: „Narfi frá Hrísey í vanda.“

<sup>19</sup> Íshökkísamband Íslands: „Narfi tilkynnir þátttöku í mfl.karla fyrir næsta tímabil.“

<sup>20</sup> Íshökkísamband Íslands: „Aðildarfélögin.“

## 5 DAGBÓK

Vinnuferlið við gerð heimildarmyndarinnar varð mun lengra en upphaflega var áætlað og hefur tekið níu mánuði frá upphafi til enda, en ég þurfti stundum að taka mér hlé vegna vinnu á tímabilinu. Við tókur þurfti ég oft að kalla til vini og fjölskyldumeðlimi til að aðstoða mig. Heppilegt hefði verið að halda nákvæma vinnudagbók en þessi kafli er yfirlit yfir ferlið í heild sinni frá vori 2011 til apríl 2012.

Mikil hugmyndavinna er á bak við verkefni eins og þetta. Vorið 2011 ákvað ég að gera heimildamynd sem lokaverkefni í hagnýtri menningarmiðlun og hugmyndavinna fyrir verðandi verkefni fór þá strax af stað. Upphaflega hugmyndin var að gera heimildamynd um eyðibýli í Eyjafjarðarsveit en ég hætti fljótlega við þá hugmynd. Ég taldi hana henta illa sem heimildamynd miðað við íshokki, enda efnið ekki eins sjónrænt og íþróttin sem er afar hröð.

Vorið 2011 var heimsmeistaramót kvenna í íshokki haldið í Reykjavík og hugmyndin að þessu verkefni er fengin þaðan. Á meðan á mótinu stóð tók ég eftir því að umfjöllun um mótið í fjölmiðlum var ekki mikil þrátt fyrir að stelpurnar í landsliði Íslands reyndu að vekja athygli á því. Eftir mótið datt mér í hug að heimildamynd um íshokki væri ekki aðeins spennandi og krefjandi verkefni heldur gæti myndin verið liður í því að stuðla að frekari umfjöllun um íþróttina og auka almenna vitneskju um hana. Ennfremur gæti hún hugsanlega stuðlað að frekari útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi. Þar sem keppnistímabilið í íshokki hefst í ágúst var ég strax komin með tímaáætlun fyrir tókur og hvenær ég þyrfti að vera búin með handritið.

Í ágúst 2011 tók ég mér frí frá vinnu og nýtti það í heimildavinnu fyrir verkefnið norðan heiða á Héraðskjalasafninu á Akureyri og í hugmyndavinnu. Síðan byrjaði ég að punkta niður hugmyndir og tókustaði fyrir handritið<sup>21</sup> að myndinni. Fyrsta handritið er afskaplega ólíkt lokaútkomunni því heimildamyndir taka oft breytingum í vinnuferlinu. Fyrsta handrit var skrifað áður en tókur hófust og tók því eðlilega breytingum eftir að tókum var lokið. Við heimildaöflun á Héraðskjalasafninu las ég gamlar fundargerðabækur ásamt gömlum skjölum frá Skautafélagi Akureyrar. Þegar ég hóf að skrifa handritið var ákveðið að byrjunin á myndinni myndi verða saga íþróttarinnar á Íslandi til að kynna fyrir áhorfendum hvenær og hvernig íshokki barst til Íslands. Sagan hefst á Akureyri. Það var ljóst frá byrjun að ég yrði að koma sérstaklega norður til að taka upp á Akureyri. Í ágúst sótti ég síðan um ferðastyrk fyrir

---

<sup>21</sup> Pre-shoot script. Sem undirbúning að handritaskrifum las ég greinina *How to write a documentary script* eftir Trisha Das.

verkefnið til ÍHÍ þrátt fyrir að almennt séu heldur litlir möguleikar að fá styrki fyrir skólaverkefni. Ég fékk þó fljótlega símtal frá Viðari Garðasyni formanni ÍHÍ um að sambandið væri reiðubúið að veita verkefninu styrk og ég nefndi upphæð sem mér fannst sanngjörn og miðaði við það sem ég þurfti.<sup>22</sup>

Íshökkítímabilið hefst í ágúst og stóru skautafélögin þrjú, SR, SA og Skautafélagið Björninn, bjóða öll upp á byrjendanámskeið sem hefjast í ágúst á hverju ári. Ég hóf því tækur í byrjun ágúst og fékk leyfi hjá SR og Skautafélaginu Birninum að koma á námskeið og taka upp í Laugardal og Egilshöll. Það var vel þess virði því ég náði mörgum góðum tókum af krökkum að prófa íshökkí í fyrsta skipti og notaði þær tækur síðan í myndinni.

Þegar verkefnið var í mótun vorið 2011 ákvað ég að áherslan yrði á að sýna krakka og konur í íshökkí. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að mun færri konur en karlar æfa íshökkí á Íslandi.<sup>23</sup> Markmið myndarinnar er að reyna að hjálpa til við útbreiðslu íþróttarinnar og að vekja athygli á þætti kvenna í íshökkí. Ég ákvað því að taka viðtal við fyrrum aðalþjálfara kvennalandsliðsins, Söruh Smiley, sem hefur þjálfað hjá SA síðan hún flutti til Íslands fyrir tæpum sex árum. Hún gæti gefið góða sýn á íþróttina undanfarið ár og sérstaklega hvernig þróunin hefur verið í kvennahökkí á Íslandi.

Mér fannst nauðsynlegt að taka viðtal við reyndan íshökkíspilara en þar voru hæg heimatökin því systir mín, Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, hefur spilað íshökkí undanfarið 11 ár. Þegar hún var nítján ára gömul auglýstu nokkrar stelpur hjá SA í Menntaskólanum á Akureyri eftir stelpum sem hefðu áhuga á að æfa íshökkí hjá skautafélaginu í bænum. Skautafélögin í Reykjavík hófu æfingar fyrir konur á svipuðum tíma og SA. Steinunn hefur einnig verið með landsliði kvenna frá stofnun þess og farið utan að spila íshökkí í Ástralíu og Danmörku. Hún leikur núna með Skautafélaginu Birninum sem hefur aðsetur í Egilshöll. Þar þjálfar hún einnig 5. flokk barna. Nýlega var hún valin til að vera alþjóðlegur dómari í íshökkí og hefur þegar farið eina ferð til Lettlands að dæma á alþjóðlegu móti. Hún var einnig valin til að fara á sérstakt námskeið fyrir alþjóðlega íshökkídómara sem verður haldið í Finnlandi vorið 2012. Þannig að þarna var reyndur viðmælandi á ferð.

Í byrjun september tók ég diktafón-viðtalið við Steinunni Erlu sem gaf mér frekari hugmynd um verkefnið framundan. Eftir viðtalið við systur mína ákvað ég einnig að tala við

---

<sup>22</sup> Sjá nánar í Viðauka VII *Styrkir*.

<sup>23</sup> Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Viðtal 10. október 2011. Bls. 63 í viðauka: Það eru mikið fleiri strákar að æfa íshökkí og en það er alltaf að bætast í stelpuhópnum, í kvennahópnum.“

núverandi landsliðsþjálfara kvenna Richard Tathinen og Viðar Garðarsson formann ÍHÍ og athuga hvort að þeir vildu koma í viðtal fyrir myndina. Septembermánuður fór mikið í að fullkomna handritið áður en ég myndi taka upp viðtölin fjögur sem ég var búin að ákveða að taka upp í október og nóvember. Í byrjun skrifaði ég handritið í Word en fannst það frekar óþjálmt form. Ég ákvað því að skrifa handritið í Excel og fannst það þægilegra þegar ég var að taka upp og klippa, því þá gat ég betur séð hvar ég vildi hafa tiltekna töku í tengslum við texta og hljóð o.s.frv. Hinsvegar sagði Halla Kristín Einarsdóttir, leiðbeinandi minn, að hún vissi ekki til þess að handrit væri unnið í þessu formi en við slíka vinnu væri best að hver og einn noti það form sem viðkomandi finnst þægilegast. Handritið breyttist mikið meðan á vinnuferlinu stóð sökum þess að fyrsta handrit var skrifað fyrir tükur og eftir tükur gerði ég mér betur grein fyrir hvaða myndefni ég hafði fyrir myndina. Ég sendi síðan handritið til Höllu um mánaðamótin september-október 2011 til yfirferðar. Henni þótti handritið of langt. Þá fór ég að gera mér grein fyrir hvað ég vildi hafa heimildamyndina langa en upphaflega sá ég fyrir mér 40-45 mínútna langa mynd. Halla taldi að myndefnið byði upp á 30 mínútna heimildamynd. Eftir það tók ég til við að endurskrifa handritið en heimildamyndin breyttist reglulega í klippingu.

Í fyrri hluta októbermánaðar tók ég síðan upp meginhlutann af myndefninu. Styrkurinn sem ég fékk frá ÍHÍ dugði fyrir flugfari norður, en ég dvaldist á Akureyri 2.-4. október við tükur. Þetta var knappur tími sem ég náði að nýta vel. Ég tók upp viðtal við Söruh Smiley í Skautahöllinni á Akureyri og æfingar og leiki sem voru fyrir norðan á sama tíma. Auk þess tók ég upp yfirlitsmyndir frá ýmsum stöðum á Akureyri. Á Akureyri hitti ég einnig Ásgrím Ágústson en faðir hans, Ágúst Ásgrímsson, var einn af frumkvöðlum að endurstofnun SA á fjórða áratug 20. aldar. Hann gaf mér leyfi til að nota gamlar myndir sem voru í eigu föður hans frá 3. og 4. áratugnum. Hann lét mig einnig vita af gömlu myndefni, frá stórmóti SA árið 1941 sem var haldið á Akureyri, sem var í eigu SA. Samkvæmt Ásgrími var þar meðal annars að finna myndir af íshökkíleik. Ég hafði umsvifalaust samband við formann SA sem tjáði mér að þetta væri til og í eigu Skautafélagsins en varðveitt hjá Kvikmyndasafni Ísland í Hafnarfirði. Formaðurinn vildi hinsvegar fá samþykki stjórnar félagsins og félagsmanna til að leyfa mér að nota myndefnið í heimildamyndina, því efnið hafði aldrei verið sýnt áður og formaðurinn vildi sýna það innan skautafélagsins fyrst.

Helgina 8.-9. október var íshökkímótið Ice Cup haldið á vegum Skautafélagsins Bjarnarins en til landsins komu bæði kanadísk og bandarísk íshökkílið til að keppa við íslensk

Íshökkílið. Íslenska kvennalandsliðið nýtti einnig tækifærið og keppti við kanadískt kvennalið. Þar tók ég upp viðtali við landsliðsþjálfarann Richard Tathinen sem var á mótinu ásamt landsliðinu. Ég fékk alls hálf tíma til að taka viðtal við hann áður en hann þurfti að stökkva á fund með landsliðinu fyrir leik sem þær voru að fara að spila. Ég hefði þurft að taka viðtalið upp aftur vegna þess hve knappan tíma ég hafði fengið til að taka það upp. Það gafst hinsvegar ekki tími til þess. Á þessu móti náði ég að taka upp nokkra leiki og aukaefni fyrir myndina. Seinni hluti októbermánaðar fór mikið í að taka upp aukaefni, t.d. yfirlitsmyndir af Reykjavík og af reykvísku skautahöllunum.

Erfiðara reyndist að ná viðtalinu við Viðar Garðarsson en vegna misskilnings frestaðist viðtalið þrisvar sinnum. Ég tók viðtalið loksins upp í október í kaffiteríunni í húsi ÍSÍ í Laugardal. Það tókst vonum framar enda Viðar kunnur kvikmyndaiðnaði og kann tókin. Viðtalið við Steinunni Erlu tók ég upp eftir æfingu hjá henni í meistaraflokki kvenna hjá Birninum þann 10. október 2011 en ég fékk að taka þátt í tveimur æfingum hjá stelpunum til að kynna mér íþróttina. Á æfingu kynntist ég íþróttinni betur en íshokki reyndist vera hörku íþrótt og mjög skemmtileg.

Í nóvember var myndefnið flutt af upptökuspólunum yfir í Final Cut klippikerfi í tölvu í vinnuherberginu hagnýtrar menningarmiðlunar í Nýja-Garði. Að færa efnið af spólunum yfir í tölvuna tekur jafnan langan tíma því það gerist í rauntíma en á meðan er hægt að fara yfir myndefnið, punkta hjá sér hvaða tölur maður vill nota eða henda. Þegar þessu var lokið hófst hin eiginlega klippivinna, þ.e. fara í gegnum allar tölur, merkja þær sem voru ónothæfar og síðan að klippa til viðtölin. Þarna var ég að fara eftir fyrsta handritinu og klippti eftir því.

Ég ákvað í byrjun desember 2011 að ég sæi ekki fram á að geta klárað heimildamyndina fyrir settan skiladag. Í kringum 20. desember var ég tilbúin með fyrsta uppkast að heimildamyndinni en þó vantaði enn myndefnið af skautamóti SA frá árinu 1941. Í lok desembersmánaðar var ég enn í viðræðum við SA um notkun efnisins en formaður SA vildi vera alveg viss um það hvernig það yrði notað, hvar það yrði sýnt og að það yrði ekki vafamál að það kæmi fram í myndinni hver ætti efnið. Ég gerði síðan munnlegan samning við formanninn í síma um að ég fengi að nota myndefnið, þ.e.a.s. þann hluta sem íshokki kemur fyrir í. Að auki samþykkti ég að ég myndi ekki sýna heimildamyndina fyrr en í febrúar gegn því að ég myndi láta SA vita fyrirfram hvar og hvenær hún yrði sýnd. Félagið vildi fá tíma til að kynna efnið fyrir sínum félagsmönnum á Akureyri.



Í upphaflegu tímaplani ætlaði ég að klára verkefnið og skila því 6. janúar en vegna vinnu gat ég ekki gefið mér eins mikinn tíma og það hefði þurft til að klára það á réttum tíma.

Í byrjun ársins 2012 leit Halla Kristín Einarsdóttir síðan á það. Eftir athugasemdir hennar endurskrifaði ég handritið<sup>24</sup> en þar sem ég hafði þegar klippt viðtölin til var vinnan framundan aðallega falin í því að blanda viðtölunum meira saman, klippa frá endurtekningar og stytta myndina úr 45 mínútum í 30 mínútur. Fyrir hljóðupptökuna sjálfa fékk ég lánaðan míkrafón hjá Háskólanum og tók sjálfa mig upp í vinnuherbergi hagnýtrar menningarmiðlunar og heima hjá mér.

Ég hefði ef til vill verið búin með myndina fyrr ef ég hefði ekki verið í fullu starfi í janúar-mars en það var ekki hjá því komist. Ég fékk síðan myndefnið frá SA frá 1941, sem ég nota í myndinni, ekki fyrr en í febrúarbyrjun frá Kvikmyndasafni Íslands. Það reyndist hinsvegar þess virði að bíða eftir því myndefnið passaði fullkomlega inn í heimildamyndina en ég ákvað að klippa það ekki neitt til heldur sýna það í heild sinni og leyfa því að njóta sín. Halla Kristín Einarsdóttir var sammála þeirri ákvörðun.

Í marsmánuði fann systir mín, Steinunn Erla, síðan nokkurra ára gamalt myndefni frá sigri landsliðs kvenna í 4. deild HM þegar keppnin var haldin í Rúmeníu árið 2008. Myndefnið er af landsliðinu að syngja þjóðsönginn eftir að það var komið á hreint að þær myndu vinna riðillinn. Ég bætti því við endinn og passaði það vel sem rúsínan í pylsuendanum. Myndefnið er tekið upp á litla vél og er ekki í miklum gæðum. Með þessu myndefni var myndin tilbúin. Næst á dagskrá var að skrifa þessa greinargerð en aðalkaflinn í henni er miðlunarkaflinn.

---

<sup>24</sup> Sjá Viðauka I.

## 6 MIÐLUN

Ástæðan fyrir því að ég valdi heimildamynd sem form lokaverkefnisins míns er í fyrsta lagi sú að mér finnst þetta form miðlunar spennandi og áhugavert að vinna með. Það er í mörg horn að líta í heimildamyndagerð en verkefnið hefur verið mjög krefjandi og lærdómsríkt. Í raun er maður allt í senn: framleiðandi, leikstjóri, tókumaður, klippari, hljóðmaður, ljósamaður, þulur en fyrst og fremst menningarmiðlari.

Efnið er í forgrunni í gegnum allt ferlið. Í þessu tilviki er það íþrótt sem hefur e.t.v. ekki fengið eins mikla athygli og hún á skilið. Íshokki er spennandi og skemmtileg íþrótt sem er stunduð á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu en í myndinni er reynt að sýna íþróttina á jákvæðan hátt. Þá eru augljós tengsl mín við einn viðmælandann í myndinni, þ.e. systur mína sem er margreyndur íshökkíleikmaður, en segja má að þau séu frekar kostur en galli því þau opnuðu mér leið til að nálgast myndefni og aðra viðmælendur. Vitaskuld er þó álitamál hversu náíð samband rétt er að hafa við viðmælendur í mynd sem þessari.

Í öðru lagi er þetta form miðlunar sem hentar best fyrir þetta tiltekna efni en um það verður fjallað í næsta kafla. Hvar á mynd um íshokki á Íslandi heima innan íslenskrar heimildamyndagerðar? Því verður einnig svarað í næsta kafla.

### I. AF HVERJU HEIMILDAMYND?

Af hverju heimildamynd um íshokki? Íshokki er mjög hröð íþrótt og krefur áhorfendur um athygli frá upphafi til enda. Leikmenn leggja gífurlega mikið á sig fyrir hverja mínútu. Í íshökkíleik er venjulega skipt reglulega um leikmenn en í myndinni *Íshokki á Íslandi: heimildamynd um íþrótt á uppleið* sést hve vel þeir eru varðir, í öflugum búningum sem ver þá fyrir hnjaski á svellinu. Nauðsynlegt þykir að vera með hjálm þar sem leikmenn nota líkama sinn til að koma í veg fyrir að andstæðingarnir komist of nálægt markinu. Reglur eru mismunandi eftir kyni en munurinn er þó ekki mikill en fer eftir snertingu leikmanna inni á svellinu.<sup>25</sup> Þrátt fyrir það sést vel í myndinni hve íslenskar íshökkíkonur eru öflugir leikmenn og gefa karlkyninu lítið eftir í leik. Kynin spila oft saman á æfingum, eins og sést á einum stað í myndinni þar sem meistaraflokkur kvenna í SA leikur á móti einu af karlaliðunum sem venjulega er kallað *the old boys*. Stelpurnar spila hraðan leik en strákararnir gefa þeim lítið eftir og úr verður spennandi keppni.

---

<sup>25</sup> Viðar Garðarsson. Viðtal 17. október 2011 í viðauka. Bls. 62-66.

Þessu væri erfitt að koma til skila í útvarpsþætti. Ef til vill hefði verið hægt að nota þetta efni í sýningu um íshökkí á Íslandi en vegna eðlis miðilsins tel ég að heimildamynd þjóni markmiði mínu best – að hjálpa til við útbreiðslu íþróttarinnar. Í þessu formi næst til sem flestra innan markhópsins en eins og má sjá á bls. 3 í inngangi er markhópur myndarinnar Íslendingar sem vita lítið sem ekkert um íshökkí, áhugasamir einstaklingar sem og iðkendur. Í gegnum linsuna er hægt að sýna hve íþróttin er hröð, skemmtileg og krefjandi, íþrótt sem allir aldurshópar geta spilað. Þannig er markmiði myndarinnar einnig þjónað – að vekja áhuga fólks á íþrótt á uppleið. Eftirfylgni verkefnisins gæti hinsvegar verið sýningargerð um efnið og þá yrði hægt að nota efni úr myndinni, þ.e.a.s. viðtöl og annað myndefni. Þannig væri hægt að flétta saman ólíkum miðlum.

Heimildamyndagerð er miðill sem hefur verið í mikilli uppsveiflu á Íslandi undanfarin áratug og fróðlegt að fylgjast með íslenskri heimildamyndagerð.<sup>26</sup> Örar tækniframfarir hafa gert hverjum sem er kleift að taka upp á litlar tökuvélar. Þessi tækni gefur fólki t.d. tækifæri til að taka myndir á stríðshrjáðum svæðum, á svæðum þar sem er aðgengi er erfitt eða náttúrulífsþætti sem er oft teknir upp við erfiðar aðstæður.<sup>27</sup> Hinsvegar fylgja nýrri tækni óhjákvæmilega ýmsar siðferðilegar vangaveltur. Í dag er hægt að setja myndefnið í tölvu og klippa myndefnið til, þar til að upphafleg meining viðmælanda er næstum horfið og eftir stendur það sem framleiðandi vildi að kæmi fram. Í heimildamyndagerð skiptir miklu máli að traust skapist á milli heimildamyndagerðamanna, viðmælanda og jafnvel viðgangsefnisins þar sem viðfangsefni heimildamynda getur verið lifandi manneskja og viðkomandi þarf því að treysta framleiðandanum. Tækniframfarir undanfarinna áratuga eru vissulega kostur fyrir iðnaðinn. Vegna forritsins Final Cut Pro gat ég klippt viðtölin, haldið því sem mér fannst passa í heimildamyndina og sleppt öðru sem passaði ekki. Final Cut Pro og Final Cut Express eru tvö klippiforrit og dæmi um nýja tækni sem auðveldaði við gerð myndarinnar.

Við gerð *Íshökkí á Íslandi* vöknudu upp ýmislegar siðferðilegar vangaveltur sem ég velti fyrir mér á meðan myndin var í vinnslu.

---

<sup>26</sup> Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn: Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld,“ bls. 114.

<sup>27</sup> Hér er m.a. verið að vísa í náttúrulífsþætti BBC: *The Frozen planet* sem voru sýndir í mars og apríl á RÚV, en í þáttunum sást að tökulið lagði talsvert á sig til að taka upp hvern þátt.

## II. SIÐFERÐILEGAR VANGAVELTUR

Heimildamyndagerðarmenn hafa mikið vald yfir mynd sinni sem fólki myndi kannski finnast vera sjálfsagt mál. Slíkt vald getur hinsvegar boðið upp á valdníðslu, því þeir sem gera heimildamyndir geta ráðið miklu um það hvaða mynd er dregin upp af því viðfangsefni sem fjallað er um. Á vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er hægt að skoða íslensk kvikmyndalög<sup>28</sup> en þar kemur m.a. fram tilgangur laganna sé að efla íslenskan kvikmyndaiðnað. Það er ekkert í íslenskum kvikmyndalögum sem vísar í siðareglur íslenskra kvikmyndagerðarmanna sem mér finnst skrítið.<sup>29</sup> Siðareglur íslenskra fjölmiðla eru hinsvegar margvíslegar og eru mismunandi eftir fjölmiðlum.<sup>30</sup> Þar sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru ekki með sér siðareglur eru það helst siðareglur íslenskra fjölmiðla sem væri hægt að nota sem viðmið.

Myndu siðareglur kvikmyndagerðamanna koma í veg fyrir misnotkun í faginu? Nútímataækni býður upp á marga möguleika þegar mynd er í klippingu.<sup>31</sup> Upphaflegt viðtal við viðmælanda getur breyst frá því að vera venjulegt viðtal í það að vera dramatísk opinberun sem hneykslar heiminn – myndin getur breyst með réttri tónlist, réttri klippingu, dramatískum skotum á viðmælanda o.s.frv.

Dæmi um heimildamyndir á gráu svæði eru heimildamyndir sem bandaríski heimildamyndagerðarmaðurinn Michael Francis Moore hefur framleitt. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir heimildamyndir sínar sem eru mjög umdeildar. Myndir Moore eru oft ádeilur á bandarískt samfélag: stórfyrirtæki, stríð og bandarísk stjórnvöld.<sup>32</sup> Mynd Moore *Fahrenheit 9/11* (Framleiðsluár: 2004) var t.d. ádeila á hvernig ríkisstjórn Georg W. Bush átti að hafa notað árásina á Tvíburaturnana í New York sem afsökun fyrir því að fara í stríð við Afganistan og Írak.<sup>33</sup> Myndir Moore eru ekki bara pólitísk ádeila á samfélagið heldur veita þær einnig bandarískum stjórnvöldum og stórfyrirtækjum visst aðhald þar sem þær fá mikið áhorf í bandarískum bíóhúsum. Moore fékk gagnrýni fyrir *Fahrenheit 9/11* fyrir að hafa mistúlkað staðreyndir, sett staðreyndir fram á annarlegann hátt og farið illa með tilvitnanir og þannig blekk áhorfendur með því að halda því fram að þetta væri heilagur sannleikur.<sup>34</sup>

---

<sup>28</sup> Alþingi: „Lagasafn. Kvikmyndalög nr.137/2001.“

<sup>29</sup> Kvikmyndamiðstöð Íslands: „Um Kvikmyndamiðstöð Íslands. Lög og reglugerð.“

<sup>30</sup> Elsa Guðný Björgvinsdóttir: Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Siða- og starfsreglur íslenskra fjölmiðla, bls. 3-4.

<sup>31</sup> Sjá bls. 15.

<sup>32</sup> Internet Movie Database: „Biography for Michael Moore.“

<sup>33</sup> Internet Movie Database: „Fahrenheit 9/11.“

<sup>34</sup> Internet Movie Database: „Biography for Michael Moore.“; Sæbjörn Valdimarsson: „Tvær hliðar Michaels Moores. Umdeildasti heimildamyndagerðarmaður sögunnar síðan á dögum Leni Riefenstahl er ekki allur þar sem hann er séður,“ bls. 10-11.; „Hálfsannleikur og ósannsögli,“ bls. 73.

Heimildamyndir og -þættir sem komast í almenna dreifingu geta haft mikil áhrif á áhorfandann og skoðanir hans á þeim málefnum sem fjallað er um. Heimildamyndagerðarmenn hafa því skyldum að gegna gagnvart áhorfandanum.

Ég, sem framleiðandi heimildamyndar, hef einnig vissum skyldum að gegna gagnvart viðmælendum mínum. Í grein sinni, „Documentary Filmmaking and Ethics: Concepts, Responsibilities, and the Need for Empirical Research“ segir Willemien Sanders, prófessor við Utrecht háskóla í Hollandi, að heimildamyndagerðarmenn hafi visst frelsi til að segja sínar eigin sögur í gegnum heimildamyndina og eru ábyrgir fyrir henni. Þó það sé oftast best að fá leyfi viðmælanda í heimildamynd, þá er það stundum ekki hægt. Í sumum heimildamyndum er verið að reyna að koma upp um samsæri, spillingu eða önnur ólögleg athæfi og þá er ekki hægt að biðja viðkomandi um leyfi.<sup>35</sup> Heimildamyndagerðarmenn hafa skyldum að gegna gagnvart viðmælendum sínum en einnig efninu sjálfu. Hvað er gott fyrir myndina? Oft stangast þessi tvö sjónarmið á – hvað ber heimildamyndagerðarmanninum þá að gera? Það sem er best fyrir myndina er ekki endilega það sem er best fyrir viðmælandann. Framleiðandi þarf að fara eftir vissum siðferðilegum reglum til þess að forðast árekstra, en hann þarf jafnframt að vera samkvæmur sjálfum sér.

Það er mikilvægt að heimildamyndagerðarmenn setji sér sínar eigin siðareglur til að fara eftir, sérstaklega í klippivinnunni; því auðvelt er að klippa til viðtölin svo að upphafleg meining viðmælanda skolast burt og eftir stendur skoðun framleiðandans. Samkvæmt Höllu K. Einarsdóttir á alltaf að fá leyfi viðmælanda fyrir að nota myndefni af viðkomandi í heimildamynd. Flestir fá skriflegt leyfi allra viðmælanda, láta viðkomandi vita af hugsanlegum breytingum á viðtali viðmælanda og útgáfu myndarinnar. Í rauninni þurfa viðmælendur að treysta framleiðendum, að þeir fái að fylgjast með gangi myndarinnar. Í mínu tilviki fékk ég skriflegt leyfi viðmælanda í gegnum tölvupóst en fannst mikilvægt að viðmælendur fengu að fylgjast með á framleiðslustigi. Eftir á sá ég að ég hefði getað staðið mig betur í að leyfa viðmælendum að fylgjast með framleiðslustiginu. Ég hefði átt að láta viðmælendur vita meira um gang myndarinnar.

Heimildamyndin mín er fjarri því að vera hlutlaus því ég er óhjákvæmilega undir áhrifum frá systur minni Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur, sem er einn viðmælanda, og í íslenska kvennalandsliðinu í íshökkí. Hinsvegar reyndi ég að verða ekki fyrir of miklum áhrifum frá

---

<sup>35</sup> Sanders, Willemien: „Documentary Filmmaking and Ethics: Concepts, Responsibilities, and the Need for Empirical Research,“ bls. 534-541.

henni, þ.e.a.s. sérstaklega varðandi eitt atriði í myndinni þar sem einn viðmælenda, formaður Íshökkísambands Íslands talar um alvarleg meiðsli í íþróttinni. Henni fannst það ekki sýna rétta mynd af íþróttinni en mér fannst mikilvægt að sýna þessa hlið sem er vissulega neikvæð.

Heimildamyndagerðarmenn nota oft tónlist í myndum sínum, til að setja tóninn fyrir myndina, auka dramatíkuna eða fá áhorfendur t.d. til að halda að eitthvað sérstakt sé í aðsigi. Í myndinni minni ákvað ég að nota tónlist sem er ekki höfundaréttavarin og ég hafði tónlist aðeins í byrjun og í enda myndarinnar. Ástæðan fyrir því að sú leið var valin, var að ég vildi ekki lenda í vandræðum með að nota höfundaréttavarið efni í myndinni sem ég vildi koma í dreifingu. Ef myndin yrði sýnd í sjónvarpinu, yrði það ekki vandamál en á öðrum miðlum, intersnetsíðum eða Bíó Paradís, varð ég að nota tónlist sem var ekki höfundaréttavarin. Fyrir mig var auðvelt að nálgast slíka tónlist. Bæði er hægt að nálgast hana á netinu og í forritinu sem ég notaði til að klippa myndina. Á internetinu eru vefsíður sem selja slíka tónlist en ég ákvað að að fara ekki þá leið til að minnka kostnaðinn við myndina. Í forritinu Final Cut Pro er til staðar tónlist sem hentaði myndinni ágætlega. Annars leyfði ég viðtölunum oftast að standa einum og sér. Ég vildi ekki að tónlistin hefði einhver sérstök áhrif á áhorfendur heldur ættu myndefnið og frásagnir viðmælenda að vera í fyrirrúmi.

Siðferði hefur vafist fyrir mörgum heimildamyndagerðarmönnum – hvað býður samviskan okkur? Hve langt erum við tilbúin að ganga fyrir heimildamyndina okkar? Myndir Michael Moore hafa sýnt að fólk er tilbúið að ganga nokkuð langt fyrir myndirnar sínar en heimildamyndagerðarmenn ættu að forðast eins og aðrir, að notfæra sér viðmælendur sína því um leið og slíkt er gert er verið að blekkja áhorfendur.

Ég fór að hugsa um siðferði heimildamyndagerðamanna þegar ég var að klippa myndina mína, því ég gerði mér grein fyrir hve mikið vald ég hefði sem framleiðandi. Í myndinni, þar sem formaður ÍHÍ fór að tala um meiðsl bætti ég dramatískri tónlist undir en þegar hann fór að tala um hve leikmennirnir eru vel varðir setti ég hressari tónlist. Með þessu tónlistarvali gerði ég atriðið dramatískara í augum áhorfandans. Eftir á að hyggja velti ég fyrir mér hvort að það hafi verið rétt ákvörðun. Sem framleiðandi myndarinnar stend ég við mínar ákvarðanir. Ég gerði mér þó grein fyrir því að systir mín var ekki sammála þeirri ákvörðun að sýna í myndinni að í íþróttinni geta íþróttamenn orðið fyrir alvarlegum meiðslum því hún taldi það sýna neikvæða hlið á íshokki.

### III. ÚTGÁFA OG DREIFING

Þar sem markmið myndarinnar *Íshokki á Íslandi* er að reyna að auka útbreiðslu íþróttarinnar á Íslandi skiptir útgáfa og dreifing hennar mig miklu máli til að reyna ná því markmiði. Hvernig næ ég til markhópsins? Hvaða leið gæti hentað best?

Þrennt virðist vera í boði til að reyna ná því markmiði: Bíó Paradís, Sjónvarpið og vefmiðlar. Ég nefni Bíó Paradís því síðan að þetta óhefðbundna bíóhús opnaði þann 15. september árið 2010 á Hverfisgötu hafa þar verið sýndar kvikmyndir og heimildamyndir frá öllum heimshornum. Markmið Bíó Paradísar „er að efla þekkingu og menntun á þessari mikilvægu listgrein“<sup>36</sup> sem íslenskur kvikmyndaiðnaður er orðinn. Fyrir utan sjónvarpið er Bíó Paradís eini staðurinn á Íslandi sem sýnir reglulega heimildamyndir. Bíóhúsið selur einnig kvikmyndir og heimildamyndir.<sup>37</sup> Aðstandendur annarra kvikmyndahúsa hafa síðastliðin ár verið duglegir að frumsýna heimildamyndir í bíósölum sínum. Þrátt fyrir þessa mikilvægu viðbót fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað, er líklegt að sýning myndarinnar í bíóhúsi myndi ekki ná til þess markhóps sem ég hef í huga og að því leyti yrði sýning í Sjónvarpinu betri enda nær útsending þess til allra landsmanna, frítt beint inn í stofu. Næsta verkefni var því að reyna ná eyrum forsvarsmanna Sjónvarpsins. Það reyndi ég í lok mars þegar myndin var tilbúin. Samningar hófust við yfirmann íþróttafréttadeildar, Kristínu Hálfðánadóttur, í aprílbyrjun. Vegna óviðráðanlega aðstæðna gat ég ekki látið hana fá eintak af myndinni fyrr en eftir páska. Samningar eru enn í vinnslu.

Heimildamyndagerð virðist vera ná auknum vinsældum á Íslandi því RÚV sýnir reglulega bæði erlendar og íslenskar heimildamyndir og dreifing heimildamynda hefur aukist. Í Víkinni, Sjóminjasafninu í Reykjavík, eru t.d. seldar alls sjö sögu- og menningarlegar heimildamyndir í safnbúðinni, allar íslenskar og allar með möguleika á annaðhvort íslensku/ensku tali eða íslenskum/enskum texta. Í safnbúðinni á Þjóðminjasafninu eru sömuleiðis seldar heimildamyndir og íslenskar kvikmyndir.<sup>38</sup> Það er markaður fyrir heimildamynd eins og mína, því myndin snertir á vissan hátt sögu Íslands – sögu íshokkis á Íslandi sem mörgum erlendum ferðamönnum gæti þótt áhugaverð. Þá er álitamál hvort að skólaverkefni eins og þetta eigi

---

<sup>36</sup> Bíó Paradís: Um Bíó Paradís.

<sup>37</sup> Bíó Paradís: Um Bíó Paradís.

<sup>38</sup> Höfundur er starfsmaður í Víkinni, Sjóminjasafnið í Reykjavík, og hefur því kynni af sölu á heimildamyndum á safninu en gerði óformlega könnun á sölu heimildamynda á Sjóminjasafninu, Þjóðminjasafninu og minjagripabúðum í miðbæ Reykjavíkur í byrjun árs 2012. Könnunin leiddi í ljós að dreifing íslenskra heimildamynda er þó nokkur þar sem ferðamenn eru algengir. Í Víkin Sjóminjasafninu í Reykjavík er þó ekki merkjanlegur munur á milli hvor hópurinn kaupir frekar heimildamyndir; Íslendingar eða erlendir ferðamenn.

að vera gefið út í einhverju magni eða hvort að rétt sé að sætta sig við eina sýningu í sjónvarpinu eða í Bíó Paradís? Ég hallast frekar að því að reyna fá hana sýnda í sjónvarpinu en ef það tekst ekki þá sný ég mér að vefmiðlum en það gæti þó verið erfiðara en virðist við fyrstu sýn. Vaxandi möguleikar eru fyrir dreifingu heimildamynda á internetinu en kostir þess og gallar að setja myndina á vefmiðil er niðurhal. Vil ég gefa fólki tækifæri til að hala myndinni ótakmarkað niður í gegnum vefmiðil? Vil ég hafa hana á vefmiðli til sýningar en ekki til niðurrhals?

Tækniframfarir undanfarna áratugi hafa verið hraðar, þá sérstaklega síðustu 10-15 ár. Dreifing heimildamynda fer ekki lengur fram einungis í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum heldur eru vefmiðlar eins og TopDocumentaryFilms og DocumentaryHeaven ein leið heimildamyndagerðamanna til að koma myndum sínum á framfæri. Þar sem markmið myndarinnar er að reyna ná augum markhópsins sem er íslenska þjóðin, liggur beinast við að hafa myndina á miðli sem flestir sjá hana og eftir að hafa hugleitt það þá hallast ég enn að kostum sjónvarpsins.

„Að horfa á myndband er góð skemmtun“ sagði Gylfi Pálsson við mann þegar maður settist niður og horfði á leigða myndbandsspólu hér áður fyrr. Það mætti kannski heimfæra þetta yfir í *að horfa á kvikmynd er góð skemmtun*. Þessi skilaboð sem Gylfi færði landsmönnum höfðu áhrif á margar kynslóðir en er barn síns tíma þar sem myndbandaleigur eru að hverfa frá tæknivæddu íslensku samfélagi. Internetið hefur haft mikil áhrif á dreifingu kvikmynda og þess konar efnis á síðari hluta 20. aldar og byrjun þeirrar 21.

Á fyrstu árum 21. aldar hefur sjónvarpið haft áhrif á dreifingu og lengd heimildamynda. Sjónvarpið hefur einnig fætt af sér nýja tegund heimildapátta en við þekkjum þá betur sem *Raunveruleikabætti*. Í greininni „Television: Friend or foe of Australian Documentary“ fjallar hin ástralska dr. Jane Roscoe um þróun heimildamyndagerðar í Ástralíu og áhrif sjónvarpsins á heimildamyndir.<sup>39</sup> Stuttar heimildamyndir voru ríkjandi á áströlskum markaði þegar greinin var skrifuð árið 2004.<sup>40</sup> Er það krafa samfélagsins á tæknivæddri 21. öld eða hefur athyglisbreidd<sup>41</sup> einstaklinga minnkað? Er þetta þróun sem er að gerast á Íslandi? Myndin mín er rétt undir 30 mínútum en að mati Höllu K. Einarsdóttur bauð efnið ekki upp á lengri

---

<sup>39</sup> Dr. Jane Roscoe hefur unnið í áströlsku fjölmiðlaumhverfi í mörg ár og gefið út fjölda greina og tvær bækur um efnið. Jump Cut: A review of Contemporary Media. Jane Roscoe.

<sup>40</sup> Roscoe, Jane: „Television: Friend or foe of Australian documentary?“ bls. 288.

<sup>41</sup> Athyglisbreidd: Attention span. Almennileg þýðing fannst ekki á [www.snara.is](http://www.snara.is) og ákvað ég því að nota [www.google.is](http://www.google.is) og leitaði að Attention span og þýðing: Þessi þýðing kom upp og fannst hún henta vel.



heimildamynd þótt ég hafi upphaflega gert ráð fyrir því. Er hægt að segja að þróunin sem hefur átt sér stað á áströlskum heimildamyndaiðnaði sé að gerast á Íslandi í dag? Það virðist vera að þróunin á Íslandi sé í átt að lengri heimildamyndum en efnisval og efnistöð verið einsleit að mati Björns Ægis Norðfjörð.<sup>42</sup> Samkvæmt Roscoe var þróunin í átt að styttri heimildamyndum á fyrstu árum 21. aldar:

In Australia (as is the case elsewhere) documentary has become a televisual form with shorter-length programmes, and short-series formats now dominating production ... While some one hour documentaries, and the occasional feature-length documentary will screen at festivals or have a short-run theatrical release, very few documentaries are made for the big screen. In effect the documentary industry in Australia has been reconfigured around television.<sup>43</sup>

Það er álit Roscoe að þróun í heimildamyndagerð hafi í rauninni verið sniðin að þörfum sjónvarpsáhorfenda en það er ekki allir sammála um hvort að sú þróun sé af hinu góða. Hún segir að heimildamyndagerðarmenn og áhugafólk um heimildamyndir líti niður á sjónvarpið og áhrif þess á heimildamyndir: að sjónvarpið hafi átt sök á vissri hnignun innan iðnaðarins. Undanfarin ár hefur þróunin á Íslandi verið svipuð, að því leyti að framlög ríkisins til íslenskrar kvikmyndagerðar hafa verið skorin mikið niður.<sup>44</sup> RÚV og íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa staðið í deilum undanfarin ár vegna þess hve hlutfall efnis frá sjálfstæðum íslenskum framleiðendum er lágt innan aðkeypts efnis hjá RÚV.<sup>45</sup>

Roscoe segir jafnframt að heimildamyndagerðarmenn líti niður á samstarfsfélaga sína í greininni sem nota sjónvarpið sem dreifingaraðila þrátt fyrir þá staðreynd að sjónvarp bjóði upp á margvíslega möguleika. Með sjónvarpi sem dreifingaraðila er hægt að ná til stærri hóps en í bíóhúsi. Maður getur spurt sig: Hvert er markmiðið með heimildamyndinni? Er hluti af markmiðinu ekki að ná til markhópsins en til þess að ná því markmiði verður heimildamyndagerðarmaðurinn að hugsa til sjónvarpsins sem miðils.<sup>46</sup> Hér á landi hefur borið á því sjónvarpsstöðvar séu ekki tilbúnar að borga fyrir heimildamyndir. Í grein Höskulds Ólafssonar um uppgang heimildamyndagerðar í *Morgunblaðinu* í maí 2005 var tekið viðtal við Ólaf Torfasson kvikmyndafræðing sem sagði að það væri „ákveðin krísa í gangi milli

<sup>42</sup> Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn: Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld,“ bls. 145.

<sup>43</sup> Roscoe, Jane: „Television: Friend or foe of Australian documentary?“ bls. 288.

<sup>44</sup> freyrgigja@frettabladid.is: „Kvikmyndagerð slátrað,“ bls. 98.

<sup>45</sup> bergsteinn@frettabladid.is: „Talsetning barnaefnis skráð sem nýsköpun,“ bls. 8.

<sup>46</sup> Roscoe, Jane: „Television: Friend or foe of Australian documentary?“ bls. 288-290.

kvikmyndagerðarmanna og sjónvarpsstöðva sem hefur orðið til þess að heimildamyndir eru gerðar fyrir minni og minni pening...“<sup>47</sup>

Ríkissjónvarpið hefur hinsvegar verið duglegt við að sýna hverskonar heimildamyndir, bæði íslenskar og erlendar. Á einni viku, vikuna 24. til 31. mars sýndi RÚV alls sjö heimildamyndir og -þætti. Allt var það erlent efni<sup>48</sup> en sjónvarpið var að sýna heimildapáttaröð frá BBC *Frozen Planet* sem samanstendur af þætti í fullri lengd og stuttum þætti á eftir um gerð þáttarins, einksonar heimildapátt um heimildapátt. Þar gefst sjónvarpsáhorfendum einstakt tækifæri að fá að sjá inn í heim heimildamyndagerðarmanna, þá sérstaklega hvað myndatökuliðið þarf að ganga í gegnum.<sup>49</sup> Spurning er hvort að það sé tilviljun að allt efnið var erlent í þessari viku en í vikunni á undan var allt heimildaeftni líka erlent. Hluti af því efni var síðan endursýnt helgina á eftir.

Samkvæmt þessari könnun er hægt að draga þá ályktun að heimildamyndir eru sýndar reglulega í íslensku sjónvarpi en óvíst er hvort að heimildamyndagerðarmenn fái eitthvað fyrir sinn hlut.<sup>50</sup> Mér varð ljóst frá byrjun að markmiðið yrði ekki að fá borgað frá RÚV fyrir að fá að sýna myndina mína í sjónvarpinu því það þjónar ekki meginmarkmiði verkefnisins sem er að ná til sem flestra.

## 7 NIÐURLAG

Í þessari greinargerð var farið stuttlega yfir sögu íshokkí á Íslandi, rætt um vinnuferlið við gerð myndarinnar *Íshokkí á Íslandi: Heimildamynd um íshokkí á Íslandi* og síðan var hugað að ýmsum kostum og göllum heimildamyndagerðar, siðferðilegum spurningum var velt upp sem vöknudu við gerð myndarinnar og loks velt vöngum yfir útgáfu og dreifingu.

Af hverju valdi ég heimildamynd sem lokaverkefni í hagnýtri menningarmiðlun? Sjálfri fannst mér svarið við þeirri spurningu auðvelt: heimildamyndagerð er áhugaverð. Það var lærdómsríkt að fá tækifæri til að gera mína eigin heimildamynd um áhugavert viðfangsefni. Ég ákvað form miðlunar fyrir lokaverkefnið mitt við deildina áður en ég ákvað viðfangsefnið.

---

<sup>47</sup> Höskuldur Ólafsson: „Shanghæ og týndar sálir,“ bls. 43.

<sup>48</sup> RÚV. Dagskrá. Sótt 22. apríl 2012 af <http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/21/>

<sup>49</sup> Heimildapáttaröð BBC *The Frozen Planet*, um er að ræða þátt 3:6 sem var sýndur 25. mars 2012 á RÚV. Einnig *The making of Frozen Planet* 3:6.

<sup>50</sup> Víkin Sjóminjasafnið í Reykjavík framleiddi heimildamynd um Varðskipið Óðinn sem kom út ásamt bók um skipið, árið 2010. Safnið leitaði til Ríkissjónvarpsins vegna sýningar á myndinni í sjónvarpinu en fékk þau skilaboð frá RÚV að stofnunin væri hætt að borga fyrir íslenskar heimildamyndir. Heimildamyndin var að lokum sýnd í sjónvarpinu en safnið fékk ekkert fyrir sinn snúð. Það var árið 2010 og því óvíst er hvort RÚV hefur breytt þessari stefnu.

Íshökkí er hröð og skemmtileg íþrótt og ef ég ætti að fjalla um íþróttina yrði heimildamynd fullkominn miðill að mínu mati

Hvar á heimildamynd um íshökkí heima innan íslenskrar heimildamyndaflóru? Myndin er nokkuð hefðbundin að því leyti að hún byggist á viðtölum, ljósmyndum, blaðagreinum og öðru myndefni. Þulur kemur aðallega við sögu í byrjun myndarinnar. Ég notaði einnig tónlist í myndinni en að mestu leyti leyfði ég myndefninu að tala sínu máli án þess að reyna að hafa frekari áhrif á áhorfendur. Myndin er með dæmigerðu skýringarsniði eins og flestar sögulegar heimildamyndir.

Við vinnslu myndarinnar fór ég hugsa um valdið sem ég hafði yfir viðfangsefni mínu og myndefninu sem ég tók upp fyrir myndina. Ný tækni gera okkur kleift til að taka upp heimildamyndir á litlum tökuvélum sem eru meðfærilegar. Forrit á borð við Final Cut gerði mér kleift að klippa til myndefnið eins og ég vildi hafa það í myndinni. Að geta klippt með mikill nákvæmni er nauðsynlegt þegar er verið að klippaviðtöl því oftast koma ýmisleg hikorð hjá viðmælendum eða málfarsvillur. Þetta gefur framleiðendum hinsvegar tækifæri til að misnota tæknina, að klippa viðtöl saman svo upprunaleg meining viðmælanda skolast til og úr verður eitthvað annað. Framleiðendur hafa mikil völd yfir viðfangsefninu; þeir stjórna því hvernig áhorfendur munu líta á þetta tiltekna efni. Traust verður að vera til staðar milli framleiðanda og viðmælanda.

Svo að lokum, hef ég náð markmiðinu? Þeirri spurningu er ekki hægt að svara hér því aðeins tíminn leiðir í ljós hvort að heimildamynd um íshökkí á Íslandi muni hjálpa til við útbreiðslu íþróttarinnar og auka við þekkingu almennings á skemmtilegri íþrótt. Það veltur allt á dreifingu myndarinnar.

## 8 HEIMILDASKRÁ

### PRENTAÐAR HEIMILDIR:

Attinborough, David: *The Frozen Planet*. BBC 2010. RÚV, 21.-30. mars 2012.

Á.B.K.: „Fyrstu kynni Íslendinga af íshockey.“ *Vísir* 8. janúar 1970. Sótt 22. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=237270&pageld=3231276&lang=is&q=Fyrstu kynni íslendinga FYRStU KYNNI íslendinga af íshockey](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=237270&pageld=3231276&lang=is&q=Fyrstu+kynni+íslendinga+FYRStU+KYNNI+íslendinga+af+íshockey)

bergsteinn@frettabladid.is: „Talsetning barnaefnis skráð sem nýsköpun.“ *Fréttablaðið* 30. janúar 2010. Sótt 28. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=323570&pageld=5069367&lang=is&q=Kvikmyndager%F0armenn%20R%DAV](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=323570&pageld=5069367&lang=is&q=Kvikmyndager%F0armenn%20R%DAV)

Bíó Paradís: Um Bíó Paradís. [Án árs]. Sótt 22. apríl 2012 af <http://bioparadis.is/um/>.

Björn Ægir Norðfjörð: „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld.“ *Saga* 46: 2 (2008), 114-115.

Das, Trisha: „How to write a documentary script – A Monograph.“ Telecentre.org Library. [Án árs]. Sótt 22. apríl 2012 af [http://portal.unesco.org/ci/en/files/24367/11757852251documentary\\_script.pdf/documentary\\_script.pdf](http://portal.unesco.org/ci/en/files/24367/11757852251documentary_script.pdf/documentary_script.pdf)

freyrgigja@frettabladid.is: „Kvikmyndagerð slátrað.“ *Fréttablaðið*, 3. október 2009. Sótt 28. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=295867&pageld=4389279&lang=is&q=KVIK MYNDAGER%D0ARMENN%20%D3S%C1TTIR](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=295867&pageld=4389279&lang=is&q=KVIK+MYNDAGER%D0ARMENN%20%D3S%C1TTIR)

„Hálfsannleikur og ósannsögli.“ *Fréttablaðið* 13. janúar 2005. Sótt 27. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=265336&pageld=3752050&lang=is&q=H%E1lfsannleikur%20og%20F3sanns%F6gli](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=265336&pageld=3752050&lang=is&q=H%E1lfsannleikur%20og%20F3sanns%F6gli)

Höskuldur Ólafsson: „Shanghæ og týndar sálir.“ *Morgunblaðið*, 11. maí 2005. Sótt 22. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=261361&pageld=3661057&lang=is&q=og týndar sálir týndar sálir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=261361&pageld=3661057&lang=is&q=og+týndar+sálir+týndar+sálir).

Internet Movie Database: „Biography for Michael Moore.“ Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.imdb.com/name/nm0601619/bio>.

Internet Movie Database: „Fahrenheit 9/11.“ Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.imdb.com/title/tt0361596/>.

Íshökkísamband Íslands: „Aðildarfélögin.“ [Án árs]. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.ihf.is/is/adildarfelogin>.

- Íshökkísamband Íslands: „Narfi frá Hrísey í vanda.“ 2006. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.ihf.is/is/moya/news/narfi-fra-hrisey-i-vanda-1092>
- Íshökkísamband Íslands: „Narfi tilkynnir þátttöku í mfl. karla fyrir næsta tímabil.“ 2007. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.ihf.is/is/moya/news/narfi-tilkynnir-thatttoku-i-mfl.-karla-fyrir-naesta-timabil-1565>
- Íshökkísamband Íslands: „Æfingar hafnar í Egilshöll.“ 2003. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.ihf.is/is/moya/news/aefingar-hafnar-i-egilsholl-246>
- Jón Hjaltason: *Saga Skautafélags Akureyrar 1937-1997*. Skautafélag Akureyrar, Akureyri 1998.
- Jump Cut. A review of Contemporary Media: „Jane Roscoe.“ [Án árs]. Sótt 15. mars 2012 af <http://www.ejumpcut.org/archive/jc48.2006/MusicalDocy/Roscoebio.html>
- Alþingi: „Lagasafn. Kvikmyndalög nr.137/2001.“ Sótt 1. maí 2012 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001137.html>
- Kvikmyndamiðstöð Íslands: „Um Kvikmyndamiðstöð Íslands. Lög og reglugerð.“ Sótt 1. maí 2012 af <http://www.kvikmyndamidstod.is/log-og-reglugerd/kvikmyndalog-nr-137-2001>
- Roscoe, Jane.: „Television: Friend or foe of Australian documentary?“ *Media Culture Society* 26:2 (2004), 288-295. Sótt 22. apríl 2012 af <http://mcs.sagepub.com/content/26/2/288.refs>
- RÚV. Dagskrá. Sótt 22. apríl 2012 af <http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/21/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/22/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/23/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/24/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/25/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/26/>,  
<http://dagskra.ruv.is/dagskra/2012/03/27/>
- Sanders, Willemien: „Documentary Filmmaking and Ethics: Concepts, Responsibilities, and the Need for Empirical Research.“ *Mass Communication and Society* 13:5 (2010), 528-533. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/15205431003703319>
- Skautafélagið Björninn: „Saga félagsins.“ 2007. Sótt 22. apríl 2012 af [http://www.bjorninn.com/index.php?option=com\\_content&view=article&id=17&Itemid=86](http://www.bjorninn.com/index.php?option=com_content&view=article&id=17&Itemid=86)
- Skautafélag Reykjavíkur: „Ágrip af sögu SR – 1. hluti.“ Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.skautafelag.is/ishokki/?pageid=20>

„Skautamót.“ *Íslendingur* 4. apríl 1941. Sótt 12. mars 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=328745&pageld=5157251&lang=is&q=skautamót](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=328745&pageld=5157251&lang=is&q=skautamót)

Sæbjörn Valdimarsson: „Tvær hliðar Michaels Moores. Umdeildasti heimildamyndagerðarmaður sögunnar síðan á dögum Leni Riefenstahl er ekki allur þar sem hann er séður.“ *Morgunblaðið I*, 27. júní 2004. Sótt 27. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=258186&pageld=3604963&lang=is&q=MICH AEL%20MOORE](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=258186&pageld=3604963&lang=is&q=MICH AEL%20MOORE)

„Vélfryst skautasvell í Laugardal.“ *Morgunblaðið* 5. desember 1990. Sótt 20. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issld=123656&pageld=1734154&lang=is&q=í Vélfryst svell í Laugardal VÉLFRYST í](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=123656&pageld=1734154&lang=is&q=í Vélfryst svell í Laugardal VÉLFRYST í)

Whalen, James M: „Kings of the ice.“ *Beaver Magazine* 74:1 (1994), [án bls.] sótt 22. apríl 2012 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=3&hid=17&sid=996fd1ff-dd0f-405d-abbf-c0ab19a6880a%40sessionmgr12&bdata=JnNpdGU9ZWZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=9403310946>

Þorsteinn Helgason.. „Sagan á skjánum: Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp.“ *Saga* 40:2 (2002), 41-78.

#### **ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR:**

Elsa Guðný Björgvinsdóttir: Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Siða- og starfsreglur íslenskra fjölmiðla. Óprentuð lokaritgerð í Félagsvísinda- og lagadeild. Háskólinn á Akureyri 2007.

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Diktafón viðtal höfundar við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur. Reykjavík 9.september 2011. Viðauki III.

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Viðtal höfundar við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur landsliðskonu í íshokki. Reykjavík 10. október 2011. Viðauki III.

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir. Síma viðtal höfundar við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur um nýtt skautafélag í Kópavogi, 10. janúar 2012.

Viðar Garðarsson. Viðtal höfundar við Viðar Garðarson. Reykjavík 17. október 2011. Viðauki V.

## 9 VIÐAUKAR

### VIÐAUKI I

Tal & Texti	<p style="text-align: center;"><b>ÍSHOKKÍ Á ÍSLANDI</b> HEIMILDARMYND UM ÍÞRÓTT Á UPPLEIÐ</p> <p style="text-align: center;">HANDRIT Senur</p>	Hljóð
<p>Titill myndarinnar: Íshokkí á Íslandi skýst inn ásamt undirtitli: Heimildarmynd um íþrótt á uppleið.</p>	<p>Upphafsatríði: Strákur á svellinu, einn með pökkinn, með töff íshokkíhjálmi á höfðinu. Spilar og skýtur og markið.</p> <p>Klipp yfir í svartan bakgrunn</p>	<p>Leikurinn er flautaður af stað</p> <p>Undir er spilað "Phazed and Infused". Seinna bætist við fólk að fagna.</p> <p>Sama lag spilar enn, lýkur þegar textinn er farinn. Einnig kemur "hockey skate" hljóð</p>
<p>Þula: Íshokkí er vetrariþrótt sem hefur verið stunduð á Íslandi um árabíl. Íþróttin fer ört stækkandi, sérstaklega á síðasta áratug þar sem fleiri og fleiri bætast við ánægða íshokkíðkendum en hún er bæði iðkuð á Akureyri og í Reykjavík.</p> <p>Text skýst inn. - Sarah Smiley - Þjálfari hjá SA. Sóknarmaður hjá landsliði kvenna í íshokkí. Íshokkíkona ársins 2011.</p>	<p>Fyrsta sena: Krakkar í íshokkígöllum sitja við svellið.</p> <p>Önnur sena: krakkar í fimmta flokki að spila. Þriðja sena: Stelpurnar í landsliðinu að æfa</p> <p>Hvítur texti á svörtum fleti skýst inn - eins og pökkur í mark.</p>	<p>Undir er spilað lag: "feel good"</p> <p>"hockey skate" hljóð</p>

<p>SS: Íshokki er fyrst og fremst svo skemmtileg útaf því að þú ert í lið, og í íshokki er svo mikinn galla að þú átt að vera inní klefa í svona hálf tíma fyrir æfingar, bara spjalla og fara í allan gallann. Og það er mjög góð tilfinning fyrir lið. Og á ísnum er margt sem þú átt að vera góð í; góð með kylfur, góð með senda og skjóta og alltaf eitthvað að hugsa um og svo er það mjög hratt, þú þarft að hugsa mjög hratt.</p>	<p>Fyrsta sena af Söruh. Klippt yfir á Söruh þjálfara old-girls í SA. Klippt yfir á söruh og svo á kvk landslið æfa</p>	<p>Hljóð af æfingu Old-girls með Söruh. Bætist við lag "feel good"</p>
<p><b>Tal og Texti</b></p>	<p><b>Senur</b></p>	<p><b>Hljóð</b></p>

<p>Þulur: Saga nútíma íshokki á Íslandi hófst á þriðja áratug 20.aldar í höfuðborg Norðurlands, Akureyri. Upphaf þess má rekja til Vestur-Íslenska íshokkiliðsins, Fálkanna frá Kanada en liðið var mannað af Vestur-Íslendingum og vakti góð frammistaða þess í íshokki mikla athygli á Íslandi. Liðið stóð sig svo vel á mótum vestanhafs að það var valið til þess að fara á Ólympíuleikana árið 1920 sem þá voru haldnir í Antwerpen í Belgíu. Liðið keppti þar á móti sex þjóðum í íshokki og hlaut fyrstu verðlaun. Það voru fyrstu Ólympíuleikarnir sem var keppt í íshokki.</p>	<p>Fyrsta sena : horft niður frá sundlaug Akureyrar niður að kirkjunni og horft yfir pollinn. Næsta sena: Yfirlitsmynd yfir pollinn, frá sjúkrahúsinu. Klippt yfir á svartan bakgrunn þar sem inn skjótast dagblaðgreinar um vestur-íslenska hokkiliðið Fálkanna</p>	<p>Undir spilað "gentle family.</p>
---	--	-------------------------------------



Sögu Skautafélagsins á Akureyri má rekja til upphafs 20.aldar en starf félagsins var stopult á fyrstu árum þess og var það því að miklu leyti lagt niður þar til á þriðja og fjórða áratugnum. Þegar ungur maður að nafni Ólafur Jónsson fluttist til Akureyrar árið 1924 frá námi í Kaupmannahöfn, hafði hann mikil áhrif á unga bæjarbúa með listum sínum á skautasvellinu, sérstaklega þeim Ágústi Ásgrímssyni, Kristjáni Geirmundssyni og Gunnari Thorarensen. Þessir þrír urðu frumkvöðlar að endurstofnun Skautafélagsins á fjórða áratugnum.

Fyrsta sena: tekin í Skautahöllinni á Akureyri, close-up af merki Skautafélagsins sem er fyrir ofan svellið. Næsta sena: Klipp á gamla mynd frá ÁÁ af Akureyri. Næsta sena: Klipp yfir á gamla mynd frá Minjasafninu á akureyri af Akureyri. Næsta sena er einnig gömul mynd af fólki að spila íshokki á pollinum á akureyri.

Undir spilað "gentle family"

Fréttir af frammistöðu Fálkanna hafði mikil áhrif á ungdóminn og árið 1927 fékk Ágúst sérstaka sendingu frá Kanada með íshokkibúnaði. Íshokkíþróttin mátti þó keppa við bandý sem var vinsælt á Akureyri á þessum tíma. Bandý vék loks fyrir íshokki þegar einn af meðlimum Fálkans, Haukur Stefánsson flutti til Akureyrar árið 1933. Með Hauki og Gunnari tókst mikill vinskapur.

Fyrsta sena: af verðlaunahillu SA. Næsta sena: Klipp yfir á gamla ljósmynd horft á pollinn á Akureyri þar sem fólk er að leika sér á svellinu. Næsta sena: klipp yfir á gamla ljósmynd af nærmynd af fólki með íshokkikylfur. Næsta sena: klipp yfir á gamla ljósmynd af Gunnari Thorarensen í sveiflu á svellinu

Undir spilað "gentle family"

Gunnar, Kristján og Ágúst hjálpuðust að við að setja upp raflýsingu við svellið á Höepfnars bryggju við pollinn á Akureyri sem varð vinsæll staður þegar dimma tók. Ekki leið á löngu fyrr en Gunnar fór að kaupa þýska skauta sem skautaiðkendur á Akureyri fögnuðu ákaft. Ljóst er að mikill áhugi var á skautaiþróttum á Akureyri fyrir seinna stríð sem varð til þess að 1.janúar 1937 var Skautafélag Akureyrar endurvakið.

10. Myndir af pollinum á Akureyri sem endar á Höepfnars bryggju. Klipp yfir á myndefnið frá 1941 þar sem er sýnt frá Stórmóti SA.

klipp frá "Gentle Family" yfir á "old tyme vintage jazz" sem hentar vel við gamla myndefnið

Stofnendur skautafélagsins ætluðu meðal annars að leggja stund á hraðhlaup, listhlaup og íshokki. Árið 1941 fór síðan fram hið fyrsta skautamót á Akureyri þar sem keppendur kepptust í skautadansi, hraðhlaupi og íshokki.	Myndefnið frá 1941, heldur áfram óklippt og leyft að klára.	Tónlist: "old tyme vintage jazz"
---	---	----------------------------------

Tal og texti	Senur	Hljóð
<p>Á Héraðskjalasafninu á Akureyri er að finna skjöl frá Skautafélagi Akureyrar. Í lögum félagsins frá 1937 segir meðal annars að Gunnar Thorarensen hafi talið að fyrsta verk félagsins ætti að vera að koma upp íshokkiliði með fullkomnum áhöldum. Greinilegt er að mikill áhugi hafi verið á íshokki á Akureyri á þessum tíma.</p> <p>Félagið var duglegt að halda innanfélagsmót í íshokki ásamt því að SA keppti við SR þegar reykvíska félagið hóf æfingar í íshokki en íshokki barst til Reykjavíkur frá Akureyri þegar nokkrir af liðsmönnum SA fluttu til Reykjavíkur. Þannig barst íþróttin frá Vestur-Íslendingum í Kanada, til Akureyrar og loks til Reykjavíkur.</p>	<p>Slow motion taka af húsnæði Bókasafni Akureyrar og endað á Héraðskjalasafninu. Taka inn ganginn á safninu. Taka af Gjörðarbókum Skautafélagsins.</p> <p>Fyrsta sena: Klippt á gamla ljósmynd af íshokkiliði norðan heiða. Næsta sena: klippt á ljósmynd af íshokkíleik milli sa og sr. Klippt á live myndefni af Rvk að vetri til í lokin.</p>	<p>Fótatak þegar senan er af ganginum. Tónlist: "gentle family"</p> <p>Tónlist: "gentle family"</p>

<p>Íshökkí hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár og íþróttin eflist stöðugt. Árið 1987 kom fyrsta vélfrysta svellið á Akureyri sem var jafnframt fyrsta svell sinnar tegundar á Íslandi. Það eru þrjú félög starfræk í dag en það eru Skautafélag Akureyrar, Skautafélag Reykjavíkur og Skautafélagið Björninn. Einnig hafa verið stofnuð tvö hokkílið, Narfi frá Hrísey árið 1964 og Jakarnir frá Vestmannaeyjum árið 2003. Íshokkíliðið Narfi var starfrækt fram á 21. öldina en var að lokum lagt niður vegna ónógrar þátttöku. Sömu sögu er að segja um Jakana frá Vestmannaeyjum. Í dag er verið að undirbúa byggingu skautahallar í Kópavogi en Skautafélagið Fálkarnir var stofnað í Kópavogi byrjun árs 2011.</p>	<p>Fyrsta sena: Krökkum í 5-7 flokk að æfa. Næsta sena: Klippt yfir á yfirlitsmynd af skautahöllinni á ak. Næsta sena: Klippt yfir á mynd af skautahöllinni í laugardal og svo á Egilshöll í Grafarvogi. Næsta sena er klippt yfir á svartan bakgrunn og blaðagreinir um Narfa skjótast inn. Næsta sena er síðan af 4-5 flokk hjá sr spila leik.</p>	<p>Tónlist: "Who's blues long"</p>
<p>Skautafélag Reykjavíkur var stofnað árið 1873 af menntaskólanemum og er því með elstu íþróttafélögum í Reykjavík. Félagsmenn æfðu á tjörninni í Reykjavík á fyrstu árum félagsins þegar veður leyfði. Í dag hefur félagið aðsetur í Laugardal. Fyrsta vélfrysta svellið í Reykjavík er í Laugardal, en það opnaði árið 1990 og höfðu þá þrjú skautafélög þar aðstöðu; SR, Skautafélagið Björninn og Listskautafélagið Þór. Skautafélagið Björninn var stofnað á haustdögum árið 1990 í Grafarvogi en stofnendur þess vildu hefja æfingar í íshökkí á nýopnuðu svelli í Laugardal. Skautafélagið fékk þó að lokum sitt eigið svæði í Grafarvogi árið 2003 þegar Egilshöll opnaði með pompi og prakt.</p>	<p>Fyrsta sena er klippt á gamla blaðagrein. Næsta sena er frá Skautahöllinni í laugardal. Næsta sena er síðan klippt á blaðagrein og svo aðra eftir það. Aftur klippt á strákana frá sr spila leik og svo á Egilshöll.</p>	<p>Tónlist: "who's blues long" endar</p>

Stóru skautafélögin þrjú: SA, SR og Björninn eru öll með listhlaupadeild og íshökkídeild. Skautafélögin bjóða uppá byrjendanámskeið í íshökkí fyrir yngstu aldursflokkanna sem byrja í ágúst þegar tímabilið hefst. Íshökkísamband Íslands heldur síðan utan um landslið Íslands í íshökkí. Landslið karla í íshökkí var stofnað árið 1999 en það hafði verið þriggja ára ferli. Ekkert bólaði á að hægt væri að stofna landslið kvenna í íshökkí þar sem fáar konur stunduðu íþróttina. Það breyttist um aldamótin þegar Skautafélögin fóru að bjóða uppá æfingar fyrir stelpur og konur sem vildu æfa.

Reglur í íshökkí geta virkað flóknar. Í leik má hvort lið fyrir sig mæta með alls 22 leikmenn, þar af tvo markmenn. Einn leikmaður er merktur "C" fyrir fyrirliða en síðan má hafa allt að tvo aðstoðarfyrirliða. Þessir þrír aðilar eru þeir sem mega ræða um þær refsingar sem liðinu er úthlutað. Þegar lið er fullskipað á vellinum eru alls 5 leikmenn og 1 markmaður. Hvoru liði er þó leyfilegt að skipta út markmanninum fyrir 1 leikmann til viðbótar. Liðinum er einnig leyfilegt að skipta út leikmönnum eins oft og það vill.

Frá Egilshöll er klippt aftur á leikinn hjá strákunum í sr. Næsta sena er síðan af höfuðstöðvum ÍHÍ í laugardal. Eftir það koma svo tvær ljósmyndir af landsliði kvk í íshökkí spila.

Fyrsta sena: Af æfingu hjá strákum í 2-3 flokk sr. Skipt yfir í næstu senu, ljósmynd af tveimur meðlimum landsliði kvk í refsingu. Næsta sena: tvær ljósmyndir af landsliði kvk í leik.

Tónlist: "Fascinating and quirky"

Tónlist "fascinating and quirky"

<p>Í leik er svellinu skipt í þrjú svæði: varnarsvæði, hlutlaust svæði og sóknarsvæði. Varnarsvæði annars liðsins er sóknarsvæði hins liðsins og öfugt. Svæðin eru afmörkuð með bláum línunum, miðjúlínan er rauð og marklínurnar eru einnig rauðar. Á svellinu eru síðan níu uppkastspunktar; tveir á hvoru sóknar/varnarsvæði og alls fimm á hlutlausu svæðinu. Leikmenn eru í sérstökum búningum sem ver þá fyrir meiðslum. Búningurinn samanstendur af sokkum, buxum, legghlífum, skautum, brynju, olnbogahlífum, treyju, hjálm, hönskum og kylfu.</p>	<p>Fyrsta senan af strákunum í sr, 2-3. fara af svellinu. Næsta sena er af tómu svelli í Egilshöll og síðan af tómu svelli í Laugardal. Næsta sena er síðan klippt á ljósmynd af uppkasti í leik. Seinast er sena þar sem við sjáum leikmann klæða sig í búninginn sem íshökkileikmenn nota á svellinu.</p>	<p>Tónlist "fascinating and quirky"</p>
<p>TEXTI Á SVÖRTUM FLETI: Viðar Garðarsson Formaður Íshökkísambands Íslands</p>	<p>Textinn skýst inn</p>	<p>Hljóð: "Hockey skate"</p>
<p>AS: Það er ekki eitthvað sem fólk gerir sér grein fyrir, hvað maður er í rauninni í góðum búning þegar maður er að spila íshokki.</p>		
<p>VG: Já, það hefur því miður verð ég að segja svoldið loðað við íþróttina að þetta sé einhver svona ruddaíþrótt en það er bara ótrúlega mikill misskilningur sko. Þó það séu leyfð ansi mikil átök þá er það þannig að fólk er mjög vel varið með góðar hlífar til að verja líkamann fyrir svona smá pústrum og meiðslatíðni í íshokki er sem betur fer mjög lág, miklu lægri heldur en í boltaíþróttum sem að við þekkjum. En hinsvegar til þess að vera alveg heiðarlegur þá er það samt þannig að ef það verða meiðsli í íshokki þá verða þau því miður frekar alvarleg en svona smá meiðsli sem eru mjög algeng í boltaíþróttum þau þekkjast varla hjá okkur.</p>	<p>Í fyrstu senunni sést VG sjálfur í viðtalinu. Síðan er klippt á leikmanninn sem heldur áfram að klæða sig. Senan er sýnd hratt.</p>	<p>Tónlist: "Beautiful Tension short" og "Everyone's here long"</p>

<p>TEXTI Á SVÖRTUM FLETI: Richard Tahtinen Landsliðsþjálfari kvenna þjálfari mfl kvenna hjá Skautafélaginu Birninum</p> <p>RT: En það eru margir sem vita ekkert um íshokki, það er það sem mér finnst vera að á Íslandi. Hafa kannski rangar hugmyndir um íþróttina íshokki að það væri eitthvað vilant eða eitthvað svoleiðis og það væri ekki fyrir lítil börn. Það hefur ekkert með útlit að gera. Það er mikil hraði í íþróttinni og mjög gott fyrir samhæfðar hreyfingar fyrir krakka og alveg frábær íþrótt svona physically. Því miður hefur fólk vitlausar hugmyndir um íshokki.</p>	<p>Svartur bakgrunnur, orðin skjótast inn</p> <p>Fyrsta sena: Mynd af RT og landsliði kvk í íshokki. Næsta sena: byrjendanámskeið íshokki hjá sr. Næsta sena: SA mfl kvk að spila við SA old boys á æfingu.</p>	<p>Hljóð: "Hockey skate"</p>
<p>TEXTI Á SVÖRTUM FLETI: Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir Íshokkíkona ársins 2009 Fyrirliði meistaraflokks kvenna hjá Skautafélaginu Birninum Alþjóðlegur íshokkídómari, þjálfari 5.flokk hjá Birninum</p> <p>AS: Hvað er hægt að byrja ungur að æfa íshokki?</p> <p>SES: Minnstu skautarnir, þú veist. Veit ekki hvaða númer þeir eru, 24 – þegar þú passar í þá. Ég, við höfum haft krakka hérna sem eru 4-5 ára. Þannig það er það yngsta sem ég hef haft á æfingum. Þannig að það er bara finni aldur.</p> <p>AS: Þannig að krakkar sem byrja mjög ungir eru orðnir mjög góðir þegar þeir eru komnir á unglingsárin?</p> <p>SES: Þeir græða á því. Krakkar sem eru alltaf að æfa. Stelpur sem byrja æfa með strákum græða mjög mikið á því.</p>	<p>Svartur bakgrunnur, orðin skjótast inn</p> <p>Skipt á milli Steinunnar og sena sem er sýnt frá byrjendanámskeiði þjarnarins í ágúst.</p>	<p>Hljóð "hockey skate"</p> <p>Hljóð af æfingu hjá krökkunum og bakgrunnshljóð af æfingu hjá Steinunni</p>

<p>AS: *Eru hlutfallslega fleiri strákar að æfa íshokki í dag?  SES: Já það eru mikið fleiri strákar að æfa íshokki og en það er alltaf að bættast við í stelpuhópnum, í kvennahópnum. Og núna bara á æfingu erum við að fá 16 nýjar stelpur bara á þessu, það er komin október núna síðan í ágúst. 16 nýjar, það hefur aldrei verið svona mikil fjölgun í okkar skautafélagi Birninum. Við höfum verið 20-24 stelpur á æfingu sem er bara met í raun og veru. Alveg frábært.</p>	<p>Skipt frá Steinunni yfir á senu af mfl æfingu kvk hjá birninum - byrjendur.</p>	<p>Bakgrunnshljóð af æfingu mfl</p>
---	--	-------------------------------------

<p>SS: *Íshokki er fyrir allir. Núna er ég stundum að þjálflið sem heitir Valkyrjur og það er svona "old-girls-hockey" og margir sem eru nýbyrjaðir að skauta og sumir sem kannski vilt áður vera með í hokki en núna er komið í alvöru konu-lið. Og þær eru svo ánægðar að fá spila og vera með. Og það er fyrir allir.  Krakkar má vera svona 4 ára inná uppá þar til þú ert gamall og getur ekki standað lengra. Ég meina, það er fyrir allir.</p>	<p>Skipt frá SS yfir á æfingu hjá Old Girls hjá SA. Alveg seinast er klippt yfir á byrjendanámskeið frá ágúst hjá sr sem sýnir litla krakka prófa í fyrsta skipti.</p>	<p>Bakgrunnshljóð af æfingu old girls.</p>
<p>AS: Er íshokki mikil fjölskylduþrótt?  RT: Já, ég held að þeir sem koma hingað – fyrst koma krakkinn sjálf og prufa og svo þarna kemur systkinið og byrjar líka og svo er náttúrulega mamman og pabbinn. Það er old-boys – sem eru nýbyrjendur sem eru 30+. Maður getur líka byrjað hátt í það líka. Og mömmuhokki. Í lokin er bara öll fjölskyldan með, þetta er mjög mikil fjölskylduþrótt.</p>	<p>Klippt frá byrjendanámskeiði SR yfir á RT og aftur á byrjendanámskeið og aftur á Rt og svo loks á æfingu landsliðs kvk</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>

<p>VG: *Um leið og fólk kynnist íþróttinni og kemst í snertingu við hana og lærir til að mynda hve vel leikmennirnir eru varðir og heyrir til dæmis tölur um meiðsli í þessari íþrótt, samanborið við aðrar íþróttir sem við þekkjum eins og bara knattspyrnu og handbolta. Þá kemur það fólk þægilega á óvart að íshökkí er bara mjög örugg íþrótt þó að það séu talsverð átök í henni og hún er mjög fjölskylduvæn. Við eigum hérna nokkrar íshökkífjölskyldur sem er að eru kannski 3-4 börn, þabbinn og það eru einhvernvegin allir farnir að spila, mamma líka. Og svo fyrir utan það að allir eru að æfa þá eru þeir að taka þátt í félagsstarfinu af miklum krafti og við erum alltaf að sjá fleiri og fleiri svona fjölskyldur og það er afar ánægjulegt dæmi í raun og veru. Fólk svona sagast inni þetta. Þetta er svo ofsalega skemmtilegt.</p> <p>AS: Hvernig líkar þér við að þjálf á Akureyri?</p> <p>SS: Mér finnst það bara mjög skemmtilegt. Það er svo margir stelpur hérna, sem er svo áhuga við íshökkí. Það er búið að vera svo gaman, allir sem eru búnir að koma og prófa, vilja endilega halda áfram, kemur á allar æfingar, eru reyna að gera auka, eru að reyna hugsa um framtíð – að fara út kannski að spila í öðrum land eða vera með landslið svo það er alltaf mikið sem ég get gert, þær eru svo áhuga. Á svo mikill áhugi fyrir þessu.</p> <p>SS: *Þegar ég komst fimm ár síðan. Þá var rúmlega 20 stelpur að æfa. Núna erum við með 50-60 stelpur, það er stór muninn. Og fyrir sunnan það eru að byrja núna líka en hérna bara gekk vel. Ég held að stelpurnar finnst gaman að sjá kvennaíshökkíþjálfara inn á ísnum og hugsa: ég get gert það líka kannski.</p>	<p>Fyrsta senan er af leikmanninum sem er að klára klæða sig í búninginn - senan er hröðuð upp til að passa inn í tímarammann. Klippt á VG og svo á æfingu hjá 5-6 flokk barna hjá birninum. Close up af fólk sitjandi í stúkunni horfandi á. Close up af krökkum á æfingunni að spila</p> <p>Klippt frá yfirlitsmynd af Akureyri á SS. Svo frá SS yfir á æfingu hjá SA. Svo frá SS yfir á yfirlitsmynd af Akureyri, skautahöllinni, og svo yfir á æfingu þar sem SS er að þjálf Old girls.</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p> <p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>
---	---	---



<p>AS: Hvað tók þig langan tíma að ná tókum á íþróttinni?  SES: Eitt ár þar til maður er orðin alveg öruggur og farið að geta skotið og svona. Maður byrjar að skauta bara og maður kann ekki neitt. Maður veit ekki hvað þetta allt heitir.* Þessi íþrótt er rosalega krefjandi á margan hátt. Hún sameinar rosalega mikið; kraftinn og snerpuna og þolið. Þú þarft að vera, þú þarft að hafa þetta allt, í raun og veru.*</p>	<p>Skipt frá SES yfir á landsliðsæfingu kvk - þar sem ses sést skjóta á markið á æfingunni. Klippt aftur yfir á SES og svo aftur á landsliðsæfingu.</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>
<p>AS: Þú ert að æfa með Skautafélaginu Birninum*, hvað æfiði mikið á viku?  SES: Við erum á 3 ísæfingum á viku og 3 þrekæfingum og svo getum við mætt á æfingar með strákunum líka. Svo erum við sjálfar bara að lyfta 2-3 í viku í viðbót við það, svo er misjafnt hvort að fólk sé að gera eitthvað aukalega. Þannig það er allt frá 3 uppí 6-7 æfingar.</p>	<p>Klippt frá tómu svelli í Egilshöll yfir á SES</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>
<p><b>AS:</b> *Þú hefur einnig verið að reyna fyrir þér með erlendum liðum, hvernig hefur það gengið?</p>	<p>Ljósmynd af SES í Ástralíu. Texti við</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>
<p><b>SES:</b> Já, ég fór í skiptináms til Svíþjóðar 2007 og spilaði þar með Amager Jets í Danmörku, keyrði yfir brúnna og fór á æfingar. Þannig ég spilaði í dönsku deildinni, einhverja leiki þarna í eitt season. Svo fór ég með Söruh Smiley sem er fyrrverandi landsliðsþjálfari hjá okkur og leikmaður hjá Skautafélaginu á Akureyri. Við fórum tvær til Ástralíu 2008, sumarið og spiluðum þar í Áströlsku deildinni og einnig á einnig á svona fylkjamóti vorum þjálfarar hjá New South Wales liðinu.</p>	<p>Klippt á milli SES og ljósmynda frá Ástralíu og síðan frá landsliðinu og leikjum með Birninum.</p>	<p>bakgrunnshljóð af æfingum</p>

AS: Finnst þér þú hafa verið betri leikmaður fyrir vikið?  
 SES: Eftir að hafa farið út? Alveg klárlega. Ég spilaði hokkí, í raun og veru, í heilt ár. Sumrin hér, þá kemst maður ekkert á ís. Maður þarf að hugsa um sig svolítið sjálfur en þarna hafði ég tækifæri á að fara út og spila í þrjá mánuði. Við kepptum leik hverja einustu helgi og vorum svo á æfingum virka daga og æfðum einu sinni í viku. Og það bara hjálpaði mér mjög mikið, þegar ég kom tilbaka í september þá stóð ég náttúrulega mun framar því ég var búin að skauta allt sumarið. Þannig alveg klárlega hefur það hjálpað mér mjög mikið og náttúrulega að spila með öðru fólki, maður lærir á því.

Klippt á milli SES og ljósmynda frá Ástralíu og síðan frá landsliðinu og leikjum með Birninum.

bakgrunnshljóð af æfingum

VG: Íþróttinn er sérstök að því leyti að hún krefst þess að maður sé í alhliða mjög góðu líkamlegu ástandi.\* Þú þarft að hafa mikinn kraft, þú þarft að vera líkamlega mjög sterkur til að þess að vera góður íshökkíleikmaður og bæði, á allan líkamann. Það er ekki nóg að vera bara sterkur í fótunum, þú þarft að vera mjög sterkur á efri skrokkinn og handleggi líka. En á sama tíma og þú þarft að vera mjög sterkur einstaklingur þá er þetta ein erfiðasta tækniþrótt sem þú getur farið í, svo hún sameinar kraftinn og listfengið getum við, ég held að það sé ágætt að orða það þannig. Þú þarft að vera mjög tæknískur og lipur, á sama tíma og þú ert öflugur eða kraftmikill.

Klippt frá VG yfir á leik frá Íslandsmóti karla í íshokkí frá haustinu 2011 - SA - Björninn.

bakgrunnshljóð af leiknum

AS: \*Hvernig fannst þér HM kvenna takast síðastliðið vor?  
VG: Við vorum alveg rosalega ánægð með það. Það var auðvitað rosalega gaman fyrir okkar bestu stelpur að fá tækifæri að spila hér heimalandsleiki. Við höfðum áður haldið hér þrjú mót fyrir karlanna, fyrst var 2000, svo 2004 og svo 2006. Og hérna, þetta er mikil upplifelsi fyrir Íslending að fá að spila fyrir hönd sinnar þjóðar. Þetta eru þessir góðu íþróttamenn, alveg sama hvort við erum að tala um karla eða konur, eru búin gera þetta reglulega erlendis. Varið heiður okkar erlendis, árum saman.

Þannig það er alltaf stórt augnablik þegar að fá loksins að spila á heimavelli. Og þær stóðu sig frábærlega stelpurnar okkar. \* Og við höfum orð á okkur Íslendingar fyrir að vera góðir gestgjafar, sem lýsir sér meðal annars í því að við fengum úthlutað núna karlamóti. Íslenska karlaliðið hefur ekki spilað hér heima síðan 2006 og hefur verið að taka miklum framförum. Og það er mikil spennna, einmitt út af því núna að þeir eru einmitt að upplifa það sama og stelpurnar gerðu á seinasta ári að nú þeir loksins að spila á heimavelli og sýna hvað í þeim býr. En þetta er ofsalega mikilvægt fyrir íþróttina okkar að sýna landsmönnum hvað við eigum orðið frambærilegt íþróttafólk á þessu sviði.\*

Skipt á milli mynda af leik landsliðsins á móti Ástralíu nú í janúar. Klippt á VG og svo aftur á myndir frá ferðum landsliðsins í gegnum árin á HM kvk.

Skipt frá VG yfir á yfirlitsmynd yfir Reykjavík. Og svo aftur yfir á VG.

AS: Núna er landsliðið að fara taka þátt í heimsmeistarakeppninni sem verður haldin í Suður-Kóreu ekki satt? Hvað er svona markmið liðsins fyrir keppnina?

RT: Markmið er náttúrulega, ég hef mín markmið og svo er það eitthvað sem við þurfum að ræða með liðið. Það er auðvitað medalía. Aðeins meiri stærri medalíu en í fyrra: silfur eða gull.

RT: Landsliðið æfir ekki saman mjög mikið saman, heldur eru svona æfingahelgar. Það er auðvitað dýrt fyrir stelpurnar að ferðast á milli Akureyri og Reykjavík. Og við þurfum að borga allt sjálf þannig maður reynir að hafa æfingahelgar. Og svo er náttúrulega komið samband á milli þjálfarana, ég og Sarah Smiley tölum mikið saman, hvað ég er að æfa og hvað við erum að gera saman.

SES: \*Við erum búnar að fara í 1 kamp, eða 1 æfingabúðir og spila einn æfingaleik bara um helgina á móti kanadísku svona samblandi-liði. Og það bara byrjar vel og við erum komnar með lyftingaprógramm og stefnum á æfingar aftur í desember á Akureyri.

AS: Þannig það er strangt prógram framundan?

SES: Það er bara mataræði og allt í gang núna. Í rauninni byrjar maður þegar seinasta mót hættir, seinast í mars, þá þarf maður að fara hugsa um næsta: það verður í Kóreu, ég þarf að gera þetta og þetta útaf því að ég vil vera svona góð þannig maður byrjar strax að æfa.

Skipt frá RT yfir á æfingu hjá landsliðinu, klippt aftur á Rt og svo á ljósmynd frá ferð landsliðsins á HM. Og svo á milli RT og æfingu liðsins.

bakgrunnshljóð

Skipt frá SES yfir á æfingu hjá landsliðinu og yfir á SES. Frá SES yfir á ljósmynd af landsliði kvk.

VG: Í raun og veru má segja að þarna eru allar mestu og bestu fyrirmyndirnar, vegna þess að með þessa íþrótt og allar aðrar að þá þurfa, þá eru, getum við sagt, bestu leikmennirnir – fyrirmyndir þeirra yngri og þarna fá þeir að sjá, fengu að sjá og fá að sjá núna í karlaflokknum, besta íþróttarfélagið okkar á þessu sviði keppa fyrir hönd landsins. Það er alltaf rosalegur heiður að fá að spila fyrir landið sitt og mikil stemming í hópnum og ég er ekki í nokkrum vafa um það að í áhorfendastúkunninni eru annaðhvort litlir strákar eða litlar stelpur sem eiga svo eftir að vera framtíðarafreksmenn á þessu sviði þannig þetta er mjög mikilvægt fyrir starfið hérna heima að fólk fái að sjá árangurinn af því sem það er að gera.\* Þetta hefur svo jákvæð áhrif á allt starfið að sjá það að við erum að ná alveg frábærum árangri á alheimsvísu.

AS: \*Þú ert nýbúin að láta af störfum sem aðalþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í íshokki; hvernig finnst þér þær séu að standa sig í samanburði við önnur lönd?

SS: Núna í fyrra, lendum við í þriðja sæti í deild fjögur í heimsmeistara. Það verður breyting í þessa ár, núna erum við í deild 2A, eða 2B. Svo í þessari deild, í þessari ár eru margir nýir lið. Við höfum bara spilað á móti tvo lið sem eru þessi deild núna, það var Suður-Afríka sem við unnum í fyrra og Suður-Kórea sem við töpuðum á móti. Hin er Póllands, Spánn, Belgíu og við höfum aldrei farið á móti þeim. Það verður bara spurning hvernig það gengur, núna í vor.

Skipt frá ljósmynd af landsliði kvk yfir á vg og aftur á ljósmynd af liðinu heilsa áströlsku liði. Frá ljósmynd að vg yfir á myndefni af byrjendanámskeiði fyrir börn.

Skipt frá töku af landsliðinu á æfingu, yfir á SS. Frá SS er klippt yfir á nokkrar ljósmyndir af liðinu. Frá ljósmyndum aftur á SS.

AS: Í október 2011 var haldið í fyrsta skipti mót í Reykjavík á vegum Skautafélagsins Bjarnarins en mótið sem hlaut nafnið Ice Cup var stærsta íshökkímót sem hefur verið haldið á Íslandi hingað til. Á mótinu kepptu ekki aðeins íslensk íshökkílið heldur einnig lið frá Kanada og Bandaríkjunum. Til landsins komu ein 10-15 karlalið og 9 kvennalið.

Myndefni frá leikjum á ICECUP

SES: Já, þetta er stærsta mót sem hefur verið haldið, ég held ég geti alveg fullyrt það. \*Það hafa bara aldrei verið spilaðir jafn margir leikir og verið að spila hérna og hafa gaman. Og þetta er svona skemmtimót sem hafa allir gaman hérna og við borðum saman á eftir og þau eru að skiptast á gjöfum og síðast en ekki síst þá eru þessir leikmenn frá Kanada að koma með búnað sem þau gefa okkur. Styrkja í rauninni íshökkí á Íslandi. Þau eru búin að spila íshökkí síðan þau fæddust í Kanada. Svoldið stolt af sinni íþrótt \* og það er bara yndislegt að fá þetta fólk til okkar. Þannig maður er strax byrjaður að hlakka til október 2012.

Skipt á milli SES og myndefni frá ICECUP

VG: \*Á sama tíma og mótið var þá var tíma og mótið var þá var kanadískur stelpuhökkídagur uppi hérna Egilshöll þar sem var verið að hvetja ungar stelpur úr hverfinu til þess að koma og prófa spila íshökkí og landsliðsstelpurnar okkar voru á staðnum og tóku á móti þeim og hjálpuðu þeim í fyrstu skrefunum á svellinu og voru að kynna svoltið íþróttina fyrir þeim og það veit ég að tókst afar vel en hefði mátt vera fleiri stelpur sem mættu en gekk rosalega vel. Og það er alveg frábært framtak.

Skipt frá VG yfir á myndefni af Egilshöll, frá höllinni yfir á VG og svo á mynd af liðinu. Og aftur á VG

SES: \*Við vorum með erlenda gesti, flotta íshökkikonu frá Kanada, margfaldan Ólympíu og heimsmeistara Sami Jo Small og hún var að kenna. Hún er markmaður og hún var að kenna krökkunum hérna allskonar markmannstækni og æfingar og var síðan með stelpunum litlu á ísnum og þetta var bara alveg frábært. Um helgina voru hérna 70 íslenskar konur að spila hokki sem er, ég þori alveg að fullyrða það, met hérna á Íslandi. Það hafa aldrei verið svona margar konur og fyrir utan þessi fimm lið sem komu frá Kanada og Bandaríkjunum. Ætli það hafi ekki verið um 150 konur hérna.

AS: Svona að lokum: hvernig finnst þér \* framtíð íshokkis vera á Íslandi?

SES: Framtíðin er náttúrulega bara björt. Það er bara hægt að fara upp á við. Og okkur fjölgar, konum, í íshokki á hverju einasta ári og raun og veru strákum líka, körlum. Þannig að liðum í deildinni eru að fjölga. Við erum með fimm lið í karladeild og fjögur í kvennadeild. Það hafa aldrei verið fleiri.\* Þannig að framtíðin er bara björt og ég hvet alla til að koma og prófa. Þetta er sport fyrir alla fjölskylduna. Ég er með eina fjölskyldu hérna, \*mammán er að byrja, pabbinn spilar með oldboys og ég er að þjálfra krakkanna í 5 flokk þannig þetta er klárlega íþrótt fyrir alla og ég hvet alla til að prófa.

Myndefni frá Icecup - skipt á milli þess og SES.

Skipt frá myndefni af byrjendanámskeiði Bjarnarins í ágúst 2011 yfir á ses og svo yfir á ses þjálfra 5 flokk hjá birninum. Frá ses yfir á leik frá íslandsmóti karla, yfir á ses og á myndefni af byrjendanámskeiðinu og á æfingu hjá mfl kvk hjá birninum.

VG: \*Það er auðvitað þannig að í svona hreyfingu koma svona upp og niður sveiflur og þær ganga, við sjáum þær sko, eins og maður hefur verið lengi í þessu og ég, ég sé þær ganga milli klúbba að þegar eitt félag er kannski örlítið að gefa eftir og minnka og starfsemin örlítið að dragast saman þá er annað að þenjast út. En heilt yfir erum við í nokkuð góðum málum, við höfum verið svo lánsöm alveg frá því við byrjuðum að æfa íþróttina skipulega að við höfum verið með mjög góða þjálfara. Mikið af erlendum þjálfurum sem hafa skilið eftir sig hérna, menningu og reynslu sem við búum að í dag. Og félögin hafa verið mjög metnaðarfull að ráða til sín góða þjálfara. Það hefur skilað okkur mjög langt.

Frá VG yfir á æfingu hjá 5 flokk bjarnarins, yfir á leik hjá íslandsmóti karla, yfir á vg. Frá VG skipt yfir á æfingu hjá landsliði kvk, byrjendanámskeið hjá Birninum, og SR.

\* Já, ég held að við þurfum ekki að kvíða neinu vegna þess að alveg sama hvert við lítum það er fullt börnum að æfa og meðan að félögin standa sig vel í því að fá krakka inn til að prófa íþróttina að þá kvíðum við engu. Við erum enn á uppleið, og \* ég held að við höfum alla burði og getu til að vera í topp 20 í bæði karla og kvennaflokki. \* en ég held að ef að metnaðurinn sem er til staðar í dag, og hefur verið til á síðustu tíu árum verði sambærilegur áfram þá höldum við bara áfram að vaxa og höldum áfram að fikra okkur upp heimslistanna. Og það er held ég nokkuð raunhæft markmið að á næstu 10-15 árum að komast uppí topp 20.

Frá æfingu hjá 5 flokki hjá birninum yfir á VG, klippt yfir leik krakka hjá skautaskóla sr.

Tónlist: "Hit the road long"



RT: Og fólk sem koma hingað og sjá íshökkíleik í fyrsta skipti, þeir eru bara; vá, af hverju hef ég misst af þessu og krakkar líka sem hafa komið og prufað.

RT í mynd.

Svartur skjár

Dómarinn flautar - leikurinn er búinn.

**Kreditlisti:**

Styrktaraðili: Íshökkísamband Íslands.

Framleiðandi, leikstjórn, myndvinnsla og hljóð: Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir

Viðmælendur: Sarah Smiley, Viðar Garðarsson, Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir

Ljósmyndir: Ásgrímur Ágústsson, Minjasafnið á Akureyri, Bryndís I. Björnsdóttir, Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir  
Myndefni frá 1941 í eigu Skautafélags Akureyrar

Sérstakar þakkir fá:  
Íshökkísamband Íslands,  
Skautafélag Akureyrar,  
Skautafélag Reykjavíkur,  
Skautafélagið Björninn, Háskóli Íslands, Steinunn E. Sigurgeirsdóttir, Viðar Garðarsson, Sarah Smiley, Richard Tathinen, Ásgrímur Ágústsson, Bryndís I. Björnsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands, Halla K. Einarsdóttir, Eggert Benediktsson, Grettir Tækni Karl, Fanney H. Kristjánsdóttir, Íris Gyða Guðbjargardóttir.

Tónlist: "Get it done long"

## VIÐAUKI II

**Viðtal við Richard T. Landsliðsþjálfari kvenna í íshokki, þann 8. október 2011. Viðtalið var tekið í Egilshöll þegar Skautafélagið Björninn hélt mót þar sem bæði íslensk, kanadísk og bandarísk lið tóku þátt í – auk þess spilaði íslenska landsliðið kvenna í íshokki leik við sambland af kanadískum íshökkikonum. Það er tekið uppá íslensku en Richard er upphaflega frá Finnlandi en fluttist til Íslands fyrir nokkrum árum.**

1. Út af hverju fluttistu til Íslands?
  - a. Ég var ráðinn sem aðalþjálfari fyrir skautafélag Reykjavíkur en kom sem sagt frá Svíþjóð þá bara til þess að þjálfra bæði sem yfirþjálfari fyrir SR og landslið karla.
2. Þú byrjaðir sem sagt hjá körlunum hjá landsliðinu: þú ert sem sagt núna nýr landsliðsþjálfari kvenna. Hvernig finnst þér, er einhver munur á að þjálfra konur og karla?
  - a. Já, það er – mér finnst það svolítill munur. Ég hef aldrei þjálfað stelpur áður, mér finnst þær hafa meiri áhuga til að læra hluti en allavega sýna það meira. Og mér finnst það auðveldara eiginlega að vera með stelpur í mörgum hlutir. Til dæmis þær eru svo áhugasöm til að læra meira og vilt, og þær treysta þjálfarann kannski meira. Strákar halda kannski að þeir vita oft best sjálfir.
3. Hvar byrjaðir þú að æfa fyrst íshokki?
  - a. Ég byrjaði í Finnlandi. Ég ólst upp í Finnlandi og byrjaði þar þegar ég var 4 ára og spilaði þar eiginlega allan tímann. Svo bjó ég í Bandaríkjunum í eitt ár og spilaði þar og síðan er ég búin að spila smávegis á Íslandi.
4. Er íshokki senan svipuð stór í Finnlandi og t.d. í Svíþjóð?
  - a. Já, það er mjög stórt í báðum löndum; bæði í Finnland og Svíþjóð. Það má kalla viss "rivalry" ansi mikill í þessum löndum. Það er mjög stórt þar.
5. Hefðin ríkari þar í þessum tveimur löndum en á Íslandi, t.d.?
  - a. Já, miklu meira. Eiginlega bara svona þjóðaríþrótt þar. Skíði og svona líka, en eins og handbolti er fyrir Íslendinga það er íshokki fyrir finna og Svía.
6. Núna er landsliðið að fara til Suður-Kóreu í mars, hvernig standa æfingar?
  - a. Hvernig standa æfingar?

Stoppaði þarna og endurorðaði spurninguna fyrir hann:

4. Núna er landsliðið að fara taka þátt í heimsmeistarakeppninni sem verður haldin í Suður-Kóreu ekki satt? Hvað er svona markmið liðsins fyrir keppnina?
  - a. Markmið er náttúrulega, ég hef mín markmið og svo er það eitthvað sem við þurfum að ræða með liðið. Það er auðvitað medalía. Aðeins meiri stærri medalíu en í fyrra: silfur eða gull. En svo er mörg fleiri markmið sem er þarna á leiðinni þangað sem við þurfum að skoða
5. En liðinu hefur farið rosalega mikið fram miðað við að það var bara stofnað landslið kvenna núna 2005, finnst þér þú svona nýr landsliðsþjálfari..

Þarna tapaði ég þræðinum og byrjaði aftur:

6. Þú ert búinn að vera hérna síðan 2008, hvernig sérðu framtíðina í íshokki hér á Íslandi?

- a. Mjög björt eða bjart, hvað segir maður? Mjög björt framtíð, finnst mér. Það koma fleiri og fleiri krakkar inn og það er búið að vera meira kannski fjölmiðlarnir eru búnir að vera meira en þegar ég var með karlalandslíðið, þá var fréttamaður frá morgunblaðið með okkur sem er náttúrulega mjög gott, fólk fær að vita aðeins meira um íþróttina. Svo er ég held ég góð þekking hjá Íslendingum núna í dag miðað við hvernig það var 10 ár síðan svo það þarf ekki alltaf að vera einhver útlendingur hér til að kenna börn og unglingar. Fleiri og fleiri sem eru með góða þekkingu.
7. Hvað æfiði mörgum sinnum í viku, landsliðið?
- a. Landsliðið æfir ekki saman mjög mikið saman, heldur eru svona æfingahelgar. Það er auðvitað dýrt fyrir stelpurnar að ferðast á milli Akureyri og Reykjavík. Og við þurfum að borga allt sjálf þannig maður reynir að hafa æfingahelgar. Og svo er náttúrulega komið samband á milli þjálfarana, ég og Sarah Smiley tölum mikið saman, hvað ég er að æfa og hvað við erum að gera saman. Annars eru ekki allir á sama stað. Ekki mjög oft, ekki mjög oft.
8. Líðið samanstandur af meðlimum úr SA, SR og Skautafélagi Bjarnarins. Meirihlutinn að norðan?
- a. Já eiginlega meirihlutinn frá norðan.
9. Finnst þér eitthvað þurfa breytast í íshokki á Íslandi? Nú fær íþróttin ekki eins mikla athygli og aðrar íþróttir á Íslandi?
- a. Já, er náttúrulega alltaf eitthvað sem þarf að breytast. Fólk þarf að breytast. Stóra breytingarnar er íshöll. Það vantar fleiri íshöll vegna þess að það er náttúrulega. Þrjú líð er ekki nógu mikið. Skoða handbolta og fótbolta, íþróttalíf – handbolta og fótbolta líf allstaðar – Kópavogi og allstaðar. Það er númer eitt, að fá fleiri íshöll.
10. Í rauninni eru bara þrjár svona íshallir, skautahallir á Íslandi.
- a. Já, í rauninni – það þarf auðvitað að vera ís til að æfa íshokki. Svo þarna, það er náttúrulega líka svona takmörkin, það er dýrt að byggja íshöll.
11. Er ekki dýrara að reka skautahallir en venjulegar íþróttahallir.
- a. Ég veit það ekki. Jújú, kannski ekki reka sjálft en þú veist, það er, þegar maður gerir slíkan investment, það er svo mikið sem þarf að koma að; ísvélar, ísheflunarvélar, kenna fólki hvernig á að hefja ísinn og svona hlutir sem kannski eru ekki í venjulegum íþróttasal.
12. Í rauninni þarf kannski að breiða íþróttina meira út, þetta er náttúrulega bara hérna fyrir sunnan og á Akureyri. Þyrfti í rauninni að koma austanlands og vestanlands líka.
- a. Já, það þyrfti að vera byrja hér í Reykjavík en það kannski meiri möguleikar að byggja íshöll og kringum Reykjavík. Það er svona, en svo er náttúrulega bara þekkinguna, láta fólkið í landinu vita um – fjölmiðlar. Sjá bara Íslendingar, Íslendingar og Finnar, mér finnst mjög líkar – við erum svoldið svona harðir og okkur finnst eins og handbolti nokkuð harðir íþrótt. Og fólk sem koma hingað og sjá íshokkíleik í fyrsta skipti, þeir eru bara; vá, af hverju hef ég misst af þessu og krakkar líka sem hafa komið og prufað.
13. Í rauninni er rosalega mikil barátta um t.d. litla krakka á Íslandi varðandi svona æfingar. Það eru svo margar íþróttir sem eru í gangi. Kannski eru öll félögin að berjast um börnin.
- a. Það er allstaðar, ekki bara á Íslandi. En það eru margir sem vita ekkert um íshokki, það er það sem mér finnst vera að á Íslandi. Svo margir sem vita ekkert um íshokki. Hafa kannski rangar hugmyndir um íþróttina íshokki að það væri eitthvað vilant eða eitthvað svoliðis og það væri ekki fyrir lítil börn.

14. Kannski sérstaklega að fólk skilur ekki að stelpur geti tekið þátt í íþróttinni, misskilja alltaf að þær ættu vera miklu stærri og svona tröllskessulegri en þær eru í rauninni, það þarf ekki – hvað stærð að gera.
- Nei, alls ekki. Það er eins og bara hvaða íþrótt sem er – fótbolta og handbolta. Það hefur ekkert með útlit að gera. Það er mikil hraði í íþróttinni og mjög gott fyrir samhæfðar hreyfingar fyrir krakka og alveg frábær íþrótt. Því miður hefur fólk vitlausar hugmyndir um íshokki.
15. Í rauninni er íshokki mikil fjölskylduþrótt, er það ekki?
- Ég held að þeir sem koma hingað – fyrst koma krakkinn sjálf og prufa og svo þarna kemur systkinið og byrjar líka og svo er náttúrulega mamman og pabbinn. Það er old-boys – sem eru nýbyrjendur sem eru 30+. Maður getur líka byrjað hátt í það líka. Og mömmuhokki. Í lokin er bara öll fjölskyldan með, þetta er mjög mikil fjölskylduþrótt.
16. Í rauninni getur fólk byrjað á hvaða aldri sem er – ef þú vilt æfa íþróttina.
- Já já, það eru möguleikar sem eru frábærir á Íslandi. Við viljum bjóða íshokki fyrir alla. En náttúrulega fyrir þróuninni á íþróttinni – fyrir keppnis – þá viljum við að krakkar byrji snemma því það er svo mikið tækni sem þú þarft að læra.
17. Nú er íþróttin orðin það gömul á Íslandi að það eru kannski komnir krakkar sem eru búnir að vera í þessu frá því þeir voru litlir og eru kannski komin í landsliðin.
- Þeir eru nokkrir komnir í landsliðin, nokkrir af þeim og eru svolítið margir. Kannski þurfum við að bíða smá fyrir stelpulandsliðið, það er ennþá svona gömlu þar en það eru að koma næstu árin frábærar stelpur þangað inn. Karlalandsliðið hefur það gerst og núna er líka stelpuhokki, það hefur verið stelpur sem hafa farið út og spila og ég er búinn að tala við þjálfara út í Svíþjóð sem er að þjálfra íslenskar stelpur og segir að þær smellpassi inn í liðið og sama með strákana – það eru nokkrir sem eru að spila úti. Það koma svona new generation af íshokkíleikmönnum.
18. Það hjálpar alltaf þegar einn fer út og aflar sér tengiliða og þá fara fleiri – er það ekki?
- Það er líka gott fyrir krakka og það er það sem er búin að vanta svolítið – svona idols í íþróttina. Það sem krakkar geta séð – eins og er í handbolta en það er að koma núna.
19. Nú hafa íslenskir íshokkispilarar farið alla leið til Ástralíu til að spila?
- Já, það eru nokkrar stelpur hér sem fóru seinasta season að spila. Þegar er sumar hér þá er season þar. Svo stelpurnar fóru og spiluðu yfir sumarið og koma svo til baka hingað. Og svo eru strákar sem hafa verið í Svíþjóð og Bandaríkjunum og vonandi getum við sent fleiri ungar stelpur út líka. Það hjálpar líka þegar þeir koma til baka þá kemur meiri þekking til baka og sem er mjög gott fyrir íshokki á Íslandi.

Þarna kláraðist spólan án þess að ég tæki eftir því og klippti á loka hluta viðtalsins. Því miður þurfti Richard að stökkva á fund með landsliðinu fyrir leik og gat því ekki klárað viðtalið. Því miður náðist ekki að skipuleggja annað viðtal í tíma, og því verður þetta viðtal bara notað í myndina, eftir að ég er búin að klippa það niður.

## VIÐAUKI III

**Viðtal við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur fyrirliða hjá meistaraflokki kvenna hjá Skautafélaginu Björninn, þjálfari hjá 5.flokk hjá Skautafélaginu Björninn, íshökkíðómari á Íslandi og alþjóðlegur íshökkíðómari og sóknarmaður í kvennalandsliði Íslands. Jafnframt er Steinunn fimmfaldur íslandsmeistari, heimsmeistari í íshokki og Ástralíumeistari sem aðstoðarþjálfari með New South Wales íshökkíliðinu.**

Ég tók tvö viðtöl við Steinunni. Það fyrsta var tekið á diktafón í byrjun septembers sem heimild. Seinna viðtalið var tekið eftir æfingu mfl. Kvenna í Egilshöll þar sem Skautafélagið Björninn æfir. Það viðtal var tekið á tökuvé.

### **Viðtal við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttir Tekið upp á diktafón þann 7. september 2011**

*Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að æfa íshokki?*  
Ég var 19 ára

*Þá á Akureyri?*  
Já á Akureyri. Ég var í Menntaskólanum á Akureyri.

*Hver var bakgrunnur þinn í íshokki þegar þú byrjaðir? Hvar byrjaðir þú að æfa?*  
Bakgrunnur var akkúrat enginn. Ég hafði aldrei farið í íshokki áður. En ég skautaði þegar ég var, þú veist 10, 11 –12 ára, held að það hafi verið seinast þegar ég fór á skauta þá þegar var útisvell og þú veist maður var í stórfiskaleik að elta einhverja stráka og eitthvað. Þannig ég hafði ekkert skautað í 7 ár eða eitthvað. Ég byrjaði sem sagt að æfa á Akureyri, í skautahöllinni þar.

*Hvað tók þig langan tíma að ná tökum á íþróttinni?*  
Fyrsta árið; Við byrjuðum að æfa, held ég, um áramót, kepptum á einu móti og æfingarnar voru þannig að maður var bara í galla af einhverjum strákum sem var kannski 30 cm hærra en maður sjálfur þannig að hann passaði ekki neitt. Fyrsta árið var maður að prófa allt eiginlega. Næsta ár náði maður kannski meira tökum á svona tækni, stoppa og beygja. Það tekur samt alveg nokkur ár, með þessum árangri, að ná tökum á íþróttinni. Eftir þriðja árið var maður farin að vera stöðugur og geta gert þessa hluti.

*Krefst þú íshokki ekki mikils líkamlegs þols? Þarf maður ekki að vera í góðu formi?*  
Jú, maður verður það sjálfkrafa, ef þú æfir mjög mikið. Íshokki krefst þess að þú sért rosalega snöggur, rosalega sterkur og líka mikið þol. Íþróttin hefur áhrif á alla þættina, - alhliða- , eins og hlauparar vinna mikið uppá þolið, þeir eru kannski ekki það sterkir eða þungir á meðan kannski einhver annar sem er í ræktinni er rosalega sterkur en er ekki með neitt þol. Í hokki þarftu að hafa allt, þetta er ein líkamlegasta erfiðasta íþróttin út af því að þú þarft að vera

svo alhliða góður íþróttamaður. Þarft að hafa vissa snerpu og gott þol. Leikirnir eru þannig að þú ferð inn á í 40 sekúndur og svo hvílirðu, í kannski, 60-100 sekúndur. Þú ferð inná stutt og hvílir stutt, þú ert alltaf að æfa þolið.

*Geturðu sagt mér hvar upphaf íshokki var á Íslandi? Er ekki Akureyri kölluð höfuðborg íshokki á Íslandi?*

Jú, pottþétt af öllum sem eru á Akureyri. Skautafélag Reykjavíkur og Skautafélag Akureyrar voru fyrstu félögin sem voru að keppa fyrir ótrúlega mörgum árum. Ég þekki ekki söguna alveg nógu vel. En Akureyri er alltaf kölluð vetrariþróttahöfuðborgin og vagga íshokkis – ótrúlegt hvað það er mikil hefð þar. Ég hef spilað á mótí manni sem er sjötugur í dag, hann er búinn að spila síðan hann var ungur.

*Þú varst ein af þeim sem hófu að æfa íshokki þegar SA stofnaði íshokkilið fyrir norðan?*

Já, fyrstu æfingunni þá var ein stelpa eða tvær sem voru fyrir í félaginu og höfðu alltaf æft bara með strákunum. Ég var sem sagt á fyrstu kvennaæfingunni.

*Hvaða ár var það?*

2000.

*Hvernig gekk SA að kalla til stelpur á æfingar? Auglýstu þeir?*

Það voru þrjár vinkonur mínar, núna í dag en ég þekkti ekki þá, þær ákváðu saman og voru í sambandi við Skautafélagið og þeim langaði bara að prófa og settu upp auglýsingu t.d. í Menntaskólanum á Akureyri. Þær þekktu einnig til í kringum þetta. Ég og vinkona mín í menntaskólanum sáum auglýsinguna og ákváðum að skella okkur. Margt annað vitlausara eins og að fara á hokkiæfingu. Ég hef eiginlega ekki misst úr æfingu síðan þá. Aldrei hætt eða tekið mér frí.

*Svo það voru í rauninni ekki beint SA heldur fólkið á Akureyri sem stofnaði kvennalið SA?*

Ég veit svo sem ekki nákvæmlega hver var í forsvari en þær hafa sett saman þetta lið. Þær settu saman auglýsingu, settu þær upp og leituðu að stelpum. Fyrsta æfingin, fyrsta vikan sem æfingarnar byrjuðu held ég að það hafi verið um 15 stelpur á æfingunum. Ótrúlega margar sem svöruðu auglýsingunni – sem höfðu áhuga.

*Svo það hefur verið mikill áhugi á íshokki á þessum tíma?*

Já.

*Greinilegur áhugi á meðal akureyskra kvenna?*

Já, það hafa alltaf verið margar konur á Akureyri. Núna er þær komnar með þrjú lið – tvö lið sem keppa í deild.

*Hvað er staða SA í dag? Skautafélagið hefur stækkað rosalega á undanförunum árum.*

Kvennahokkið, t.d. í Kanada þá er kvennahokki sem svona konuþrótt þá er kvennaishokki sem stækkar hraðast, veit ekki nákvæmlega tölurnar það er hægt að finna þær einhversstaðar. Þetta er íþróttin sem er að stækka hvað hraðast, líka á Íslandi – á þessum 10 – 11 árum síðan ég byrjaði þá hefur fjölgað rosalega mikið. Það eru fjögur lið í deild núna, við vorum alltaf bara með tvö fyrst bara þangað til fyrir fjórum árum síðan – þá vorum við þrjú lið. Fjögur lið núna í tvö ár.

*Í rauninni hefur kvennaíshokki stækkað á heimskvarða líka?*

Já. Kanada er það land sem maður lítur helst til og það er örugglega svipað í öðrum löndum. Þetta er ótrúleg hröð og líkamlega krefjandi íþrótt og það eru svo margir sem sækja í það. Fyrir utan hvað þetta er fáránlega skemmtilegt.

*Þú æfir í dag með Skautafélaginu Birninum, er einhver munur á þessum tveimur félögum? Er þetta svipað fyrir sunnan og er fyrir norðan?*

Já, ég meina – í grunninn.

*Upp á stærð og svoleiðis?*

Já, sko núna er miklu fleiri stelpur á Akureyri í dag, ungar stelpur. Það hefur áhrif að það eru eldri því þá koma fleiri yngri. Í Reykjavík það er bara meiri barátta um krakka í íþróttum, miklu fleiri möguleikar og miklu meiri vegalengdir sem þarf að keyra. Þannig það er í rauninni erfiðara finnst mér. Ég er að þjálfra svo ég sé það í krökkunum, ég þjálfði líka aðeins á Akureyri. Það er allt svo einfalt á Akureyri. Allt miklu styttra og hefðin er svo sterk. Það mæta alltaf fleiri á kvennaleiki á Akureyri en í Reykjavík t.d.

*Eins og þú sagðir áðan, þá er þetta mjög líkamleg íþrótt. Hvað æfið þið mikið á viku?*

Kvinnaliðið æfir þrisvar til fjórum sinnum á ís, og jafnoft af-ís æfingu; það er í rauninni bara þrekæfing fyrir ísinn. Erum að lyfta, nýbyrjaðar í ólympískum lyftingum.

*Þið eruð allar saman í því? Það er bara æfing?*

Já, þú mætir kl.7 og ferð á þá æfingu og kl.8 þá ferðu á hina æfinguna, ísæfinguna. Svo er fólk að gera mis mikið með – ég t.d. er 3-4 á ís, en svo reyni ég að fara tvisvar sinnum í viðbót að æfa. Það eru margir sem eru í einhverju þannig. Við erum sex í liðinu sem erum í Boot Camp, í rauninni bara til að styrkja mann með.

*Allar íþróttir eru tímafreakar, en er íshokki ekki frekar kostnaðarsamt?*

Jú, æfingagjaldið kostar jafnmikið og árskort í World Class. Og þetta er þúsund sinnum skemmtilegra en að fastur á einhverju hlaupabretti í heilt ár. Eða vera lyfta sömu lóðunum. Það er félagsskapurinn; þú ert í liði og það eru allar ferðir, rútuferðir, inni æfingargjöldunum. Held að það sé nákvæmlega sama árskortid, ef ekki dýrara í World Class. Búnaðurinn er svo sem, kostar alveg sitt.

*Þeir sem eru að æfa, reyna náttúrulega að kaupa sér betri og betri búnað?*

Já, mér langar í skauta sem kosta örugglega 40 þúsund krónur.

*Allar íþróttir eru kostnaðarsamar.*

Já, já. Hjá okkur, eru svo miklar græjur sem fylgja þessu. Í fótbolta þarftu bara skó en í íshokki þarftu heilan galla – það er hægt að fá lánað hjá félaginu eða leigja það þegar fólk er að byrja þá er allt gert svo þú getur fengið galla en svo viltu kaupa þér þitt eigið. Þú ræður sjálfur hvað þú eyðir miklum pening í það. Þú getur keypt fótboltaskó fyrir 30 þúsund krónur en líka fyrir 7000 kr. Það er alveg eins í hokkiinu, þú kemst alveg í gegnum þetta, fengið hjá hinum og þessum – bara safnað því saman en þú getur líka alveg eytt alveg hellings pening.

*Þú varst að segja að þú þjálfir hjá Birninum; hefur verið einhver fjölgun á milli ára? Eru fleiri börn núna í ár en í fyrra?*

Það eru fleiri stelpur núna en heldur þegar ég byrjaði. Jú, það er alveg aukning milli ára. Erfitt að segja nákvæmlega til um aukningu núna, því við förum alltaf af stað með byrjendanámskeið á haustin en þú færð einhverja 20 krakka og svo eru eitthvað X margir sem halda áfram.

*Það er hægt að byrja ansi ungur að æfa?*

Já, það var ein fjögurra ára í fyrra og fimm ára. Það er einn fimm ára núna. Þú getur alveg farið á skauta þegar þú ert 4- 5 ára gamall. Þú þarft kannski ekki að ákveða strax hvort þú farir í íshokki eða listskauta. Bara fara á skauta og æfa þig – það er mesta málið.

*Það hefur almennt fjölgað ár frá ári í íþróttinni, er það ekki?*

Jú, alveg pottþétt. Mjög mikil fjölgun. Líka hjá krökkunum.

*Hvernig finnst þér áhugi barna á íshokki? Finnst þeim þetta gaman?*

Já, þeim finnst þetta rosalega skemmtilegt. Þau þurfa þetta. Þau er auðvitað orkumikil og það er svo gott að koma og fá útrás, koma spila hokki og hreyfa sig. Það er rosalega oft þegar það er kannski eitt systkini sem er í hokkiinu, svo koma yngri systkinin að prófa byrjendanámskeiðin hjá okkur – þá eru þau komin inn í þetta, kannski þrjú systkini. Svo ákveður pabbinn að prófa, því það eru old boys – þá eru kallarnir að æfa. Ég hef séð ekkert smá margar fjölskyldur – allt í einu eru allir í fjölskyldunni byrjaðir að æfa íshokki. Því það geta allir verið. Við erum að vísu ekki komin með ákveðnar æfingar eða svona mömmu hokki – það eru konur í félaginu sem eiga búning. Það er svona lið á Akureyri – Valkyrjur heitir það. Þar eru konur sem eru 30 ára +.

*Í rauninni má segja að þetta sé fjölskyldusport?*

Algjörlega. Allir í fjölskyldunni geta tekið þátt – klárlega. Ég veit um eina fjölskyldu – þau eru öll í hokki – margir pabbar sem ég veit um sem hafa byrjað að æfa eftir að börnin þeirra byrjuðu að æfa.

*Eru ekki hlutfallslega fleiri strákar að æfa íshokki en stelpur? Hefur það breyst á milli ára; fleiri stelpur að bætast við?*

Það eru fleiri strákar að æfa. Það lítur alltaf út fyrir að þetta sé meira karlasport, sérstaklega ef við tölum um umfjöllun í sjónvarpi; harkan. Þá er alltaf sýnt eitthvað sem er voðalega harkalegt. Það er ekkert þannig; ekki er ég nú tröllvaxin. Ég væri ekki í þessu ef þetta væri eitthvað brútal sport. Þetta er bara mjög líkamlegt og það er alveg eins fyrir konur og fyrir karla.

*Er ekki mikill munur á körlum og konum í íshokki? Varðandi reglur og leikhegðun?*

Í rauninni er það sömu reglur, hvort sem þú ert stelpa eða strákur nema það má ekki „tjékka“ í kvennahokki. „Tjékka“ eða tækla er að þegar þú keyrir í manninn með líkamanum. Það er eini munurinn. Þú mátt alveg ýta í hinn, þetta er bara upp að vissu marki.

*Hefur þú fundið fyrir fordómum út af því að þú ert kona sem æfir og þjálfar íshokki?*

Nei, ekki beint fordómum, það er frekar að fólk sé hissa að útaf því að ég er ekki tröllvaxin og það virðist vera einhver steríótýpa, ef þú ert kona í hokki þá áttu að vera



eitthvað buff. Og ég er ekkert buff. Ég er bara 165 cm. Það er frekar að það sé; Ha? Spilarðu íshokki? Hvernig gengur það fyrir þig? Þá getur maður sagt; ég á alveg verðlaun fyrir íshokki. Fólk trúir því ekki alltaf, því maður er ekki þessi steríótýpa. Um leið og maður segir aðeins frá íþróttinni þá eru flestir alltaf voða spenntir. Einu sinni þegar ég var í svona samræðum við stelpu þá varð hún ægilega spennt yfir þessu og mætti á æfingar í vikunni á eftir og nú er hún landsliðsmanneskja í íshokki.

*Þetta sport er ekkert sérstaklega þekkt á Íslandi?*

Þess vegna erum við ekkert sérstaklega mikið í fjölmiðlum. En þetta er ein vinsælasta sjónvarpsáhorfsíþrótt í heiminum. Það eru rosalega margir sem horfa á þessa íþrótt og fara á leiki í Ameríku, bæði í Kanada og í Bandaríkjunum. Og eins og í norðurlöndunum, þá er þetta rosalega stór íþrótt.

*Þú hefur eitthvað reynt fyrir þér með erlendum liðum? Hvar var það og hvaða lið?*

Þegar ég fór fyrst, þá fór ég í skiptinámi til Svíþjóðar, Malmö 2007. Tók töskuna, hokkítöskuna, að sjálfsgöðu með mér – bara reyna finna eitthvað. Og komst svo í contact við fólk þarna í Malmö og var að spila þar, reyndar með liði í Danmörku. Ári eftir að ég var þar var síðan stofnað lið í Malmö. Við keyrðum alltaf yfir brúnna yfir til Amager Jets sem var nú bara í sjónvarpinu á sunnudagskvöldið að það eru fimm íslenskir strákar að spila þar núna. Ég spilaði hálf tímabil, ég var eina önn í skiptinámi. Ári eftir það fór ég til Ástralíu með vinkonu minni, Söruh Smiley – við fórum þar tvær gagngert til þess að spila hokki. Við fundum okkur bara lið, höfðum samband við það og þau voru rosa spennt að fá okkur. Við spiluum þar sem sagt yfir sumarið, okkar sumar – þeirra vetur, þrjá mánuði. Það var leikur hverja helgi. Sarah var aðalþjálfari á vissu svæði í Ástralíu – það er svæðaskipt Ástralíu keppnin í hokki. Sarah var aðalþjálfari fyrir liðið og ég var aðstoðarþjálfari og við urðum Ástralíu meistara með því liði. Og svo spiluum við í deildinni, hún var ekki búin þegar við fórum. Liðið okkar var ekki sterkasta liðið í deildinni, þannig að þær fengu nú enginn verðlaun, eða við. En við spiluum sem sagt með þeim yfir sumarið og vorum semi atvinnu, því við fengum bíl til afnota fyrir það, sem var voða fínt.

*Þú hefur þá fengið sem þjálfari Ástralíumeistaratitill – þú hefur alveg fengið nokkra titla hér á Íslandi.*

Já, ég var Íslandsmeistari fimm sinnum með SA, aldrei með Birninum.

*Þú varst líka kosin íshokkíkona ársins?*

Já, ég var kosin íshokkíkona ársins 2009. Þannig að ég held að það sé óhætt að segja að fara út – ég fór út 2007 og 2008, og er að spila á fleiri stöðum og allt sumarið 2008, svo kem ég beint inn í deildina 2009 en þetta hjálpaði mér alveg gríðarlega mikið – ég fæ titilinn eftir það. Það að fá að fara út og gera eitthvað svona – gerði mig að betri leikmanni fyrir vikið. Ég var skrefi framar en allir aðrir þegar tímabilið byrjaði í september því ég var búin að vera spila í allt sumar. Þá var ég búin að vera í hokki í þrjá mánuði. Það klárlega hjálpaði mér mjög mikið.

*Þú ert í landsliðinu; hvenær var landslið kvenna á Íslandi stofnað?*

Við fórum út; það var að vísu bara vísir að landsliði, það enginn sem valdi það – stelpur boðið að koma með, við fórum í ferðalag til Füschen í Þýskalandi; þar spiluum við, við landslið yngri en 18 ára og töpuðum báðum leikjunum 18-0. Held að það hafi verið 2002 eða 2003. Fyrsta landsliðið fór til Nýja Sjálands og keppti 2005. Það var fyrsta íslenska

kvennalandsliðið í íshokki. Lengsta ferðalag í heimi – fyrsta mótið. Það er mjög nýtt – við erum búnar að keppa fjórum sinnum: Nýja Sjáland 2005, Rúmenía 2007 og 2008, Reykjavík Ísland 2010. Við erum búnar að vinna gull einu sinni og brons einu sinni.

*Þú hefur verið með landsliðinu frá því í byrjun þess?*

Já. Á þriðja mótinu okkar, unnum við gullverðlaun. Þetta hefur verið saga í ameríska klisjumynd. Þetta er svo flott saga, hvernig við unnum okkur upp frá því að hafa verið í næstseinasta sæti 2007 upp í það að vinna mótið 2008 og koma öllum á óvart hvað við vorum orðnar rosalega sterkar og við unnum heimavinnuna okkar. Þjálfarinn okkar er auðvitað alveg magnaður – Sarah Smiley. Ótrúlega flott. Alltaf þegar maður hugsar um þetta, þá er maður bara; vá, hvernig gátum við þetta? Þetta var svo flott.

*Eins og þú sagðir, þá var síðastliðið vor var heimsmeistaramót í íshokki kvenna haldið í Reykjavík, hvernig fannst þér það takast?*

Maður var stoltur að hafa haldið þetta hérna heima því það var svo flott umgjörð. Við náttúrulega settum markið fyrir okkar lið mjög hátt – við ætluðum að vinna mótið en tókum brons. Við kepptum við Nýja Sjáland – þær unnu mótið. Suður Kórea var í öðru sæti en næsta mót verður haldið í Seúl í Suður Kóreu í mars 2012. Íshokkisamband Íslands sér um öll landsliðin og styrkir liðið.

*Hvernig fannst þér Reykvíkingar almennt taka mótinu? Var þetta mikið rætt? Var þetta í fjölmiðlum? Þurftu þið að auglýsa mótið sjálfar?*

Já í rauninni, þurfum við að vekja athygli á því sjálfar, sjálf því karlaíþróttin líka. Því þetta er það ung íþrótt að það eru margir sem vita ekkert að það er íshokki á Íslandi og ef þeir vita að það sé íshokki þá vita þeir ekki endilega að það sé kvennaíshokki sem er rosalega leiðinlegt. En þetta var auglýst mjög vel og við komum okkur í sambandi við Íslandi í dag og vorum með skot þar í vikunni fyrir og viðtal við mig í blaði og Mogginn hafa sýnt þessu mestann áhuga af þessum blöðum og miðlum – mbl.is og Mogginn. Og þá höfum við verið að fá umfjöllun þar, en þó strákarnir meira en stelpurnar.

*Er ekki alltaf meiri umfjöllun á RÚV um strákanna en stelpurnar?*

Já, já. Einhversstaðar verður þetta kannski að byrja – umfjöllunin. En manni finnst það súrt að það séu tveir leikir á kvöldi og það komi í 10 fréttum að karlarnir hafi spila og leikurinn hafi farið svona en það er ekkert fjallað um kvennaleikinn sem var strax á eftir sem var á sama kvöldi og honum lauk áður en að fréttirnar byrjuðu. Maður skilur þetta ekki.

*Að lokum, hvernig finnst þér framtíð íshokki á Íslandi vera?*

Hún er bara, liggur uppá við, hún er bara björt. Er ekki flott að segja það? Björt framtíð. Það er bara stígandi, það er ekkert að fækka, það liggur bara uppá við. Í öllum tölum, það er að fjölga það mikið – körlum og konum og börnum. Bara þessi þáttur sem þeir voru að taka viðtal við stráka í Danmörku – það hafa aldrei verið jafn margir íslenskir strákar að vera spila í útlöndum eins og núna. 15 – 20 strákar sem eru að spila í Kanada, Svíþjóð og Danmörku. Þú færð allskonar „contacta“ í þessu, við erum með landsliðsþjálfara sem er enskur og hann er sem sagt með stráka hjá sér, tveir þjálfarar hjá SA eru frá Kanada og geta þá haft puttana í Kanada handa strákunum. Í Svíþjóð; eftir að ég var þar – árið eftir fóru tvær stelpur að spila í þessum liðum sem voru þá stofnuð í bænum eftir að ég var í Malmö. Árið eftir að ég var þar fóru tvær stelpur þangað. Þetta er allt spurning um contacata. Einn strákur er t.d. búinn að

hafa samband við mig varðandi Ástralíu – hann er að hugsa um að fara þangað á næsta ári en þá nýtast þeir contactar sem ég á þar. Tengiliðir sem ég á þar, þannig getum við öll hjálpast að til að kynna íþróttina, til að koma okkur í fleiri leiki í útlöndum – stærri deildir, fleiri leikir í útlöndum, allstaðar.

*Þegar ég talaði við ÍHÍ síðast þá sögðu þeir að þeir voru að fara af stað með kynningarstarfsemi í gang í vetur.*

Það byrjaði í raun og veru í fyrra, með stelpuhokkíð. Það voru tveir stelpuhokkídagur í fyrra [síðasta tímabili], einn var laugardaginn eftir að HM lauk. Það var bara gagngert til að kynna Íslendingum fyrir íþróttinni, þá mættum við stelpurnar í landsliðinu og allar stelpur koma frítt á skauta, fá kylfu og hjálm og allt þetta til að prófa með okkur og landsliðsþjálfarinn líka með. Við erum búin að vera vinna mikið í kringum það, flott kynningarstarfsemi sem sambandið er búin að vera með í kringum það. Það verður haldið áfram með það núna á þessu tímabili.

*Þið eruð að fara taka þátt í HM í Suður Kóreu núna í mars. Hvenær byrja landsliðsæfingar?*

Við förum í æfingabúðir, lok septembers – byrjun októbers. Í rauninni byrjar maður strax eftir síðasta mót – bara sjálfur. Þú heldur þér í formi yfir sumarið. Ef þú ert landsliðsmaður í einhverri íþrótt þá þarftu að halda þér í formi sjálfur líka.

*Hvað eru þið margar í landsliðinu?*

Það eru 20 í hóp. 20 landsliðsspilarar og 2 markmenn. Ætli það sé ekki svona 70 stelpur sem spila í meistaraflokknum á Íslandi með öllum. 60-70 stelpur. Þó þær séu ekki allar orðnar nógu gamlar. Það eru ekki allar boðaðar í æfingabúðir.

*Hvað er aldurinn, þegar maður er í meistaraflokki íshokki kvenna á Íslandi?*

Ég er þrítug. Ég er elst í mínu liði sem spilar núna. Við erum alveg, yngsta sem að spilar er 14 ára – það er alveg breidd bil. Flestar eru svona 23-28 ára. Okkur vantar fleiri ungar stelpur – vantar alltaf fleiri.

### **Viðtal við Steinunni Erlu Sigurgeirsdóttur, tekið á tökuvel í Egilshöll á og eftir æfingu hjá Skautafélaginu Birninum, þann 10. október 2011**

- 1) Hvað varst þú gömul þegar þú byrjaðir að æfa íshokki?
  - a) Það var fyrir ellefu árum. Ég var 19 ára.

Þarna stoppaði ég viðtalið, og lagaði á henni hárið og byrjaði síðan aftur á fyrstu spurningu:

- 2) Hvað varst þú gömul þegar þú byrjaðir að æfa íshokki?
  - a) Ég var 19 ára gömul, það var fyrir ellefu árum.
- 3) Varstu með einhvern bakgrunn í íshokki eða byrjaðir þú bara?
  - a) Alveg frá grunni. Ég hafði engan bakgrunn. Ég hafði aldrei haldið á kylfu. Ég hafði verið á skautum áður en ekki hokkiskautum bara á listskautum. Hafði verið að skauta í, elta stráka og vera í stórfiskaleik þegar ég var 10 ára.

- 4) Hvar byrjaðir þú að æfa íshokki?  
 a) Í Skautahöllinni á Akureyri.
- i) Þarna stoppaði ég viðtalið því æfingin sem var á svellinu var búin og báðum leikmennina að vera aðeins áfram því það liti flott út í bakgrunninum. Ég byrjaði viðtalið aftur.
- 5) Hvað varst þú gömul þegar þú byrjaðir að æfa íshokki?  
 a) Ég var 19 ára gömul. Fyrir ellefu árum.
- 6) Hvar var það? Var það á Akureyri?  
 a) Já, í Skautahöllinni á Akureyri.
- 7) Það var ekki neitt kvennalið þegar þú byrjaðir?  
 a) Nei, ég var í fyrsta liðinu. Við hérna, ég byrjaði sem sagt að æfa og það var stofnað kvennalið á þeim tíma.
- 8) Hvað tók þig langan tíma að ná tókum á íþróttinni?  
 a) Eitt ár þar til maður er orðin alveg öruggur og farið að geta skotið og svona. Maður byrjar að skauta bara og maður kann ekki neitt. Maður veit ekki hvað þetta allt heitir. Ég myndi segja 1 – 1 ½ ár
- 9) Hvað voru þið margar fyrsta árið í SA?  
 a) Ætli við höfum ekki verið svona tvær línur sem eru svona 10, ah, 10-15, held ég.
- 10) En þetta er mjög líkamlega krefjandi íþrótt, þú ert náttúrulega í mjög góðu formi í dag en hvernig varstu þegar þú byrjaðir?  
 a) Ég hef alltaf verið í frjálsum, svo ég hef alltaf verið í góðu líkamlegu formi en ekkert fyrir þetta. Þetta er rosalega, þessi íþrótt er rosalega krefjandi á margan hátt. Hún sameinar rosalega mikið; kraftinn og snerpuna og þolið. Þú þarft að vera, þú þarft að hafa þetta allt, í raun og veru. Þannig að hún er mjög líkamlega krefjandi og ég byrja bara á núlli eins og allir aðrir útaf því að þetta er ný íþrótt.
- 11) Þú ert að æfa með Birninum í dag. Þú ert að æfa með Birninum í dag. Þú ert að æfa með Skautafélaginu Birninum í dag, hvað æfiði mikið á viku?  
 a) Við erum á 3 ísæfingum á viku og 3 þrekæfingum og svo getum við mætt á æfingar með strákunum líka. Svo erum við sjálfar bara að lyfta 2-3 í viku í viðbót við það, svo er misjafnt hvort að fólk sé að gera eitthvað aukalega. Þannig það er allt frá 3 uppí 6-7 æfingar.
- 12) Þannig kannski í rauninni 1 sinni á dag jafnvel?  
 a) Já, alveg klárlega þegar líður á mótið, heimsmeistaramótið þ.e.a.s. þá bætir maður í.
- 13) Þú ert s.s. hluti líka af landsliði Íslands og þið eruð á leiðinni til Suður- Kóreu á heimsmeistaramót. Hvernig gengur æfingarnar?  
 a) Já, við erum búnar að fara í 1 kamp, eða 1 æfingabúðir og spila einn æfingaleik bara um helgina á móti kanadísku svona samblandi-liði. Og það bara byrjar vel og við erum komnar með lyftingaprógramm og stefnum á æfingar aftur í desember á Akureyri.
- 14) Þannig það er strangt prógram framundan?  
 a) Það er bara mataræði og allt í gang núna. Í rauninni byrjar maður þegar seinasta mót hættir, seinast í mars, þá þarf maður að fara hugsa um næsta: Það verður í Kóreu, ég þarf að gera þetta og þetta útaf því að ég vil vera svona góð þannig maður byrjar strax að æfa.
- 15) Þú ert líka þjálfari hjá Birninum. Hvernig gengur það? Er einhver munur á að þjálfra og svo að spila íshokki?

- a) Já, það er heilmikill munur. Ég er að þjálfra 5 fl. Það eru krakkar sem eru allt frá 8 uppí 11 ára. Þá er ég náttúrulega meira að skauta og sýna æfingar en þegar ég er á æfingum þá er ég að hlusta á þjálfarann og vera þessi krakki og hafa gaman.
- 16) Þið byrjið mjög ungt, það er hægt að byrja mjög ungur að æfa íshökkí. Hvað byrjiði ungt. (Byrjaði aftur því spurningin hljómaði illa)
- 17) Hvað er hægt að byrja ungur að æfa íshökkí?
- a) Minnstu skautarnir, þú veist. Veit ekki hvaða númer þeir eru, 24 – þegar þú passar í þá. Ég, við höfum haft krakka hérna sem eru 4-5 ára. Þannig það er það yngsta sem ég hef haft á æfingum. Þannig að það er bara finni aldur.
- 18) Þannig að krakkar sem byrja mjög ungir eru orðnir mjög góðir þegar þeir eru komnir á unglingsárin?
- a) Þeir græða á því. Krakkar sem eru alltaf að æfa. Stelpur sem byrja æfa með strákum græða mjög mikið á því.
- 19) En eru hlutfallslega fleiri strákar að æfa íshökkí í dag?
- a) Já það eru mikið fleiri strákar að æfa íshökkí og en það er alltaf að bættast við í stelpuhópnum, í kvennahópnum. Og núna bara á æfingu erum við að fá 16 nýjar stelpur bara á þessu, það er komin október núna síðan í ágúst. 16 nýjar, það hefur aldrei verið svona mikil fjölgun í okkar skautafélagi Birninum. Við höfum verið 20-24 stelpur á æfingu sem er bara met í raun og veru. Alveg frábært.
- 20) Það var mót hérna um helgina, eins og þú sagðir, en það var líka kanadískur stelpuísökkídagur, hvernig gekk það?
- a) Það gekk rosalega vel. Við fengum fullt af stelpum á ísinn. Við vorum með erlenda gesti, flotta íshökkíkönun frá Kanada, margfaldan Ólympíu og heimsmeistara Sami Jo Small og hún var að kenna. Hún er markmaður og hún var að kenna krökkunum hérna allskonar markmannstækni og æfingar og var síðan með stelpunum litlu á ísnum og þetta var bara alveg frábært. Um helgina voru hérna 70 íslenskar konur að spila hökkí sem er, ég þori alveg að fullyrða það, met hérna á Íslandi. Það hafa aldrei verið svona margar konur og fyrir utan þessi fimm lið sem komu frá Kanada og Bandaríkjunum. Ætli það hafi ekki verið um 150 konur hérna.
- 21) En er þetta í fyrsta skipti sem svona mörg lið koma, erlend lið, koma frá. (Stoppaði og endurorðaði spurninguna þar sem ég ruglaðist) Er þetta í fyrsta skipi sem svona mörg erlend lið til Íslands til að keppa í íshökkí?
- a) Já, þetta er stærsta mót sem hefur verið haldið, ég held ég geti alveg fullyrt það. Það voru hérna 9 kvennalið með íslensku liðunum. Og yfir tíu karllalið, milli 10 og 15. Það hafa bara aldrei verið spilaðir jafn margir leikir og verið að spila hérna og hafa gaman. Og þetta er svona skemmtimót sem hafa allir gaman hérna og við borðum saman á eftir og þau eru að skiptast á gjöfum og síðast en ekki síst þá eru þessir leikmenn frá Kanada að koma með búnað sem þau gefa okkur. Styrkja í rauninni íshökkí á Íslandi. Þau eru búin að spila íshökkí síðan þau fæddust í Kanada. Svoldið stolt af sinni íþrótt og segja að þetta er okkar íþrótt og við viljum gefa ykkur sem við erum búin að læra og það er bara yndislegt að fá þetta fólk til okkar. Þannig maður er strax byrjaður að hlakka til október 2012.
- 22) En það voru margir, það voru eiginlega íshökkíspilarar á öllum aldri í þessum liðum. Það er greinilega mikil hefð í Kanada fyrir íshökkí.
- a) Já, á þessu móti voru yngstu stelpurnar með okkur, þær eru 12 ára, 13 ára. Ég spilaði sjálf á móti manni sem hefur örugglega verið á svipuðum aldri eða aðeins yngri en afi minn. Þannig að þetta er bara, þetta er allur aldur. Ég veit ekki nákvæman aldur á

honum en eins og ég segi þá er þarna konur sem eru 45 ára og byrjuðu að æfa íshokki fyrir 5 árum. Þetta er ekkert mál og þetta hentar öllum.

- 23) En þú hefur einnig verið að reyna fyrir þér með erlendum liðum, hvernig hefur það gengið?
- a) Já, ég fór í skiptinám til Svíþjóðar 2007 og spilaði þar með Amager Jets í Danmörku, keyrði yfir brúnna og fór á æfingar. Þannig ég spilaði í dönsku deildinni, einhverja leiki þarna í eitt season. Svo fór ég með Söruh Smiley sem er fyrrverandi landsliðsþjálfari hjá okkur og leikmaður hjá Skautafélaginu á Akureyri. Við fórum tvær til Ástralíu 2008, sumarið og spiluðum þar í Áströlsku deildinni og einnig á einnig á svona fylkjamóti vorum þjálfarar hjá New South Wales liðinu.
- 24) Finnst þér þú hafa verið betri leikmaður fyrir vikið?
- a) Eftir að hafa farið út? Alveg klárlega. Ég spilaði hokki, í raun og veru, í heilt ár. Sumrin hér, þá kemst maður ekkert á ís. Maður þarf að hugsa um sig svolítið sjálfur en þarna hafði ég tækifæri á að fara út og spila í þrjá mánuði. Við kepptum leik hverja einustu helgi og vorum svo á æfingum virka daga og æfðum einu sinni í viku. Og það bara hjálpaði mér mjög mikið, þegar ég kom tilbaka í september þá stóð ég náttúrulega mun framar því ég var búin að skauta allt sumarið. Þannig alveg klárlega hefur það hjálpað mér mjög mikið og náttúrulega að spila með öðru fólki, maður lærir á því.
- 25) Eins og þú sagðir þá verður næsta heimsmeistaramót haldið í Kóreu en seinasta heimsmeistaramót var haldið hérna í Reykjavík. Hvernig fannst þér það hafa gengið?
- a) Það tókst bara alveg fullkomlega, held ég. Allir rosalega ánægðir og mótið gekk vel. Okkar árangur var ekki eins og við vildum en mótið tókst mjög vel. Flott í alla staði.
- 26) Svona að lokum: hvernig finnst þér framtíðin, framtíð íshokkis vera á Íslandi?
- a) Framtíðin er náttúrulega bara björt. Það er bara hægt að fara upp á við. Og okkur fjölgar, konum, í íshokki á hverju einasta ári og raun og veru strákum líka, körlum. Þannig að liðum í deildinni eru að fjölga. Við erum með fimm lið í karladeild og fjögur í kvennadeild. Það hafa aldrei verið fleiri. Og eins og þú sérð bara hérna á æfingu núna; 16 stelpur sem eru að koma á æfingu og prófa í fyrsta skipti en ég veit ekki hvernig þetta er í öðrum íþróttum en þetta er rosaleg mikill fjöldi sem er að byrja á einu bretti. Þannig að framtíðin er bara björt og ég hvet alla til að koma og prófa. Þetta er sport fyrir alla fjölskylduna. Ég er með eina fjölskyldu hérna, mamman og pabbinn eru, mamman er að byrja, pabbinn spilar með oldboys og ég er að þjálfra krakkanna í 5 flokk þannig þetta er klárlega íþrótt fyrir alla og ég hvet alla til að prófa.

## VIÐAUKI IV

*Viðtal við Sarah Smiley, 29 ára gömul frá Kanada. Menntun: University of Windsor, BHK - Bachelor of Human Kinetics, Hockey Canada - Development Coach 1Can-Fit-Pro, PTS - Personal Trainer Specialist. Starf: Þjálfari hjá SA – fyrrverandi þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í íshokki, núverandi þjálfari kvennaliðs SA í íshokki. Var kosin íshokkikona ársins 2010.*

Sarah Smiley er gift íslenskum manni og varð nýlega íslenskur ríkisborgari. Henni fannst það skipta máli að hún myndi tala íslensku í viðtalinu, ég varð henni sammála, en íslenskan hennar er fín enda er hún í skóla að læra að tala íslensku og hefur búið hérna í nokkur ár. Viðtalið er skrifað orðrétt niður. Viðtalið tókst ágætlega en ég ruglaðist auðveldlega og viðtalið var klippt mikið niður. Viðtalið er jafnframt eitt af fyrstu viðtölum sem ég tók og var nokkuð taugastrekt.

1. Þú ert núna að þjálfa kvennalið SA á Akureyri, hvernig líkar þér við að þjálfa á Akureyri?
  - a. Mér finnst það bara mjög skemmtilegt. Það er svo margir stelpur hérna, sem er svo áhuga við íshokki. Það er búið að vera svo gaman, allir sem eru búnir að koma og prófa, vilja endilega halda áfram, kemur á allar æfingar, eru reyna að gera auka, eru að reyna hugsa um framtíð – að fara út kannski að spila í öðrum land eða vera með landslið svo það er alltaf mikið sem ég get gert, þær eru svo áhuga. Á svo mikill áhugi fyrir þessu.
2. En þú ert nýbúin að láta af störfum sem aðalþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í íshokki; hvernig finnst þér þær séu að standa sig í samanburði við önnur lönd?
  - a. Núna í fyrra, lendum við í þriðja sæti í deild fjögur í heimsmeistara. Það verður breyting í þessa ár, núna erum við í deild 2A, eða 2B. Svo í þessari deild, í þessari ár eru margir nýjir lið. Við höfum bara spilað á móti tvo lið sem eru þessi deild núna, það var Suður-Afríka sem við unnum í fyrra og Suður-Kórea sem við töpuðum á móti. Hin er Póllands, Spánn, Belgíu og við höfum aldrei farið á móti þeim. Það verður bara spurning hvernig það gengur, núna í vor.
3. En af hverju byrjaðir þú að þjálfa íshokki?
  - a. Ég byrjaði að þjálfa íshokki útaf svona 15 ár síðan í Kanada, var ekki margir stelpur sem var að þjálfa. Og ég var bara 15 ára og ég var dragað í að vera þjálfari á sumarhokki í skóla. Og svo ég held áfram eftir það, eftir að ég var í háskóla. Ég held áfram að kenna afísæfingar – þrekæfingar fyrir íshokki. Svo ég komst hingað og ég hélt áfram á ísnum að þjálfa.
4. En útaf hverju byrjaðir þú að æfa íshokki, fyrst þú byrjaðir að þjálfa svona ung, útaf hverju byrjaðir þú að.... (Stoppaði, og byrjaði spurninguna aftur vegna ruglings.)
5. En hvað var til þess að þú byrjaðir að æfa íshokki, fyrst þú byrjaðir að þjálfa svona ung, hvað var það við þessa íþrótt sem þú fékkst svona mikinn áhuga á?
  - a. Hérna, í Kanada er íshokki út um allt, bara mest vinsælt íþrótt. Og í götu sem ég býr í, þá var alltaf strákar að spila götuhokki, bara hokki út í skóm, bara úti. Og þeir bauð mér að koma einu sinni og ég komst og ég alveg

bara þessi er skemmtilegt. Og ég fór á ísinn á þennan vetur og hef aldrei hætt við.

6. En hvað er það sem þú elskar mest við þessa íþrótt?
  - a. Íshökkí er fyrst og fremst svo skemmtileg útaf því að þú ert í lið, og í íshökkí er svo mikinn galla að þú átt að vera inní klefa í svona hálf tíma fyrir æfingar, bara spjalla og fara í allan gallann. Og það er mjög góð tilfinning fyrir lið. Og á ísnum er margt sem þú átt að vera góð í; góð með kylfur, góð með senda og skjóta og alltaf eitthvað að hugsa um og svo er það mjög hratt, þú þarft að hugsa mjög hratt.
7. En þú ert búin að vera þjálfar mjög lengi hérna á Akureyri; hvernig sérðu íshökkísenuna hérna á Akureyri. Þetta er náttúrulega miklu stærra hérna fyrir norðan en er fyrir sunnan?
  - a. Mest í kvannahökkí, þegar ég komst fimm ár síðan. Þá var rúmlega 20 stelpur að æfa. Núna erum við með 50-60 stelpur, það er stór muninn. Og fyrir sunnan það eru að byrja núna líka en hérna bara gekk vel. Ég held að stelpurnar finnst gaman að sjá kvennaíshökkíþjálfara inn á ísnum og hugsa: ég get gert það líka kannski.
8. En líka vissulega hefðin sem er hérna á Akureyri, hún er svo rosalega löng, íshökkíhefð. Hefurðu kynnst öllum gömlu kempum sem æfðu íshökkí?
  - a. Ég held að ég þekki ekki nógu vel allir en samt. Það er mörg sterkt félag og svo margir sem eru tilbúnir að bjóða sig fram og hjálpa og fá ekkert fyrir þessu og mér finnst það mjög góð tilfinning hérna á Skautafélag Akureyrar.
9. En hefur séð mikla þróun í íshökkí síðan þú komst hingað?
  - a. Já, .... (Hætti við þessa spurningu því Söruh fannst hún vera búin að svara þessari spurningu.)
10. Íshökkí er fjölskylduþrótt, er það ekki?
  - a. Einmitt, einmitt. Það, íshökkí er fyrir allir. Núna er ég stundum að þjálfar lið sem heitir Valkyrjur og það er svona "old-girls-hockey" og margir sem eru nýbyrjaðir að skauta og sumir sem kannski vilt áður vera með í hökkí en núna er komið í alvöru konu-lið. Og þær eru svo ánægðar að fá spila og vera með. Og það er fyrir allir. Krakkar má vera svona 4 ára inná uppá þar til þú ert gamall og getur ekki standað lengra. Ég meina, það er fyrir allir.
11. Eru þið með byrjendanámskeið eins og tíðkaðist nú fyrir sunnan, þið eruð með byrjendanámskeið fyrir allra yngstu börnin, alveg niður í fjögurra ára gömul?
  - a. Já, alveg rétt. Við tökum 4 aldri og upp kannski 12-13, þá er ansi erfitt fyrir krakka að koma í gang. Það er hægt en ef þau kunna ekki að skauta þá er sumir sem byrja á undan þeim eru komnir miklu lengra frá. Það er eitt sem er erfitt en gott að fá margir fjölbreytt hóp. Þá getur hafið byrjendur og þessum sem eru komnir lengra og þessi mjög góður.
12. En hvernig sérðu framtíðina í íshökkí á Íslandi?
  - a. Í kvannahökkíinu eða?
13. Já í kvannahökkíinu eða hérna á Akureyri?
  - a. Já, ég get svarið endilega fyrir kvannahökkíð útaf því að ég er mest tengt við það. Fyrir norðan það gengur svo vel að núna þurfum við ekki að draga fullorðinn byrjenda bara í kvennalið, núna erum við bara að skoða og passa upp á litlu stelpurnar sem eru að æfa – halda áfram að æfa – og þá



verða nóg að fylla inn í báðu lið sem eru hérna fyrir norðan. Núna í Reykjavík það þarf að vera breyting. Við erum svo sterk hérna kvannahokki og þær eru ennþá að svona að reyna búa til lið í hverjum leik en ég veit að það sumir sem vita það í Reykjavík og vilja bæta sig. Og ég er að reyna að fara eins oft og ég get og hjálpa þeim að komast í gang með byrjendanámskeið eða stelpuhokkídagar sem við ætlum að halda næstu helgi svo þær geta vonandi eftir 10-15 ár, við getum verið á sama staðir en ekki einn bærinn miklu sterkari en hinir. Viljum það ekki, það er ekki skemmtilegt.

14. En hvað mælirðu með fyrir stelpur sem vilja prófa? Eiga þær bara koma á opna daga hjá ykkur og prófa?
  - a. Hérna á Akureyri er það endilega byrjendatími, á ég að segja hvenær? Það er fimmtudaginn kl.6 og sunnudaginn kl.12. Fyrir fullorðinn sem er áhuga að vera með og spila þá er hægt að koma á föstudagskvöld kl. hálf tíu.
15. Og það er sömuleiðis fyrir karlanna? Það er old-boys og litlu strákarnir og svona svo þetta er í rauninni fyrir alla.
  - a. Já!

## VIÐAUKI V

*Viðtal við Viðar Garðarsson formaður Íshökkísambands Íslands.*

Tók fyrst upp viðtal við Viðar Garðarsson í byrjun október á Kaffihúsinu Bryggjan Grandagarði 8, en það komst í ljós síðar að hljóðið í viðtalinu var bilað og þurfti því að taka upp viðtalið aftur seinna. Í fyrra viðtalinu hafði Viðar nefnt að íshökkísamband Íslands sé með í höndunum gamalt skjal sem innihalda reglur frá SA frá fjórða áratug 20. aldar. Ennfremur nefndi hann að íshökkísamband Íslandi hafi kannað möguleikann á því að íshökkí hafi í raun borist frá Íslandi til Kanada upphaflega, þ.e.a.s. að íslenskir landnámsmenn hafi spilað íþrótt sem er ansi lík nútíma íshökkí eins og það er spilað í dag. Þannig hafi íþróttin síðan borist til Kanada með Leifi heppna, þar sem íþróttin hafi orðið að þeirri íþrótt sem hún er í dag. Íþróttin hafi síðan borist aftur til Íslands með vestur-íslenska íshökkíliðinu Fálkunum. Í upphafi viðtalsins 17/10 talar Viðar um gamlar íshökkíreglur frá 1930 og það hafi fundist handskrifuð útgáfa fyrir norðan.

Eftirfarandi viðtal var tekið í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal, mánudaginn 17. október:  
Viðtal í heild sinni – óklippt:

- 1) Kannski þú getur komið aðeins að því sem þú nefndir seinast við mig? Upprunanum? Skjalið.
  - a) Hvað heldur þú að ég muni hvað ég nefndi seinast.
- 2) Skjalið sem stóð að íshökkí hafi verið upprunalega frá Íslandi.
  - a) Já, gömlu reglurnar og það? Já, ég var nú bara að fréttu, ég var á Akureyri um helgina, var að fréttu að það er til annað skjal. Ég ætla leggja, vonast eftir að íshökkísambandið eignist það líka.
- 3) Já?
  - a) Það er aðeins eldra en þetta sem ég er með. Þetta sem ég er með er vélritað sko, og hérna er sko handskrifaða útgáfan sem hitt var svo vélritað af.
- 4) Já, það hefur varðveist.
  - a) Já, þetta er frá 1930 og eitthvað.
  - b) Gaman af því.
- 5) Þú ert formaður íshökkísambands Íslands. Hvað felst í því starfi?
  - a) Það er svo ótal margt sko. Það má segja að við höfum svona verkaskiptingu inni stjórninni. Og sá sem er formaður íshökkísambandsins á hverjum tíma, hann ber ábyrgð á öllum erlendum samskiptum. Við erum í mjög miklum samskiptum við alþjóða íshökkísambandið og fleiri stofnanir erlendar. Formaðurinn ber ábyrgð á þeim. Og formaðurinn ber svo líka ábyrgð á stefnumótun til lengri tíma og er verkstjórinn í hópnum. Sá sem stýrir fundunum, ýtir málum áfram og reynir að deila verkefnum á alla aðra í stjórninni.
- 6) Starf ÍHÍ felst í að halda utan um öll skautafélögin á Íslandi?
  - a) ÍHÍ er í rauninni svona regnhlífarsamtök sem félögin eiga sjálf. Við erum öll fulltrúar félagana í stjórn ÍHÍ og þetta er samtök sem félögin hafa búið til, til þess að stjórna íslandsmótum, sjá um landsliðin o.s.frv.
- 7) Þið eruð líka s.s. eruð tiltölulega nýtt samband. Bara nokkurra ára gömul, gamalt samband.

- a) Já, það eru örfá ár síðan íshökkísambandið fékk leyfi til að breytast í sjálfstætt sérsamband. Áður þá var þetta kallað skautasamband Íslands og íshokkiíð var bara ein deild innan skautasambandsins og hin deildin á móti var þá listhlaup og hraðhlaup. Og núna er þetta í tveimur aðskildum sérsamböndum; Íshökkísamband Íslands og Skautasamband Íslands. Þetta gerðist bara 2004. Nóvember 2004 var Íshökkísamband Íslands stofnað.
- 8) Einu ári áður en kvennalandsliðið var stofnað?
- a) Já, stofnun kvennalandsliðsins kemur strax í kjölfarið að því að Íshökkísambandið verður sjálfstætt samband. Það var eitt af fyrstu verkunum eftir að við urðum sjálfstæð.
- 9) En hvenær var karlalandslið Íslands stofnað? Það er nú nokkru eldra, aðeins eldra en það?
- a) Samt ekkert mikið eldra. Karlaliðið fer fyrst í keppni 1999 og árin þar á undan.. Þetta var svona 3 ára process. Það má eiginlega segja það. 3-4 ára process. Fyrsta landsliðið sem við sendum út til keppni var 18 ára landsliðið. Síðan bættum við, við undir 20 ára landslið og enduðum á því að setja karlalandsliðið inn og þetta gerist á árunum 1996-2000.
- 10) ÍHÍ er að fara af stað með kynningarstarf núna í vetur. Hvað er að helst sem þið ætlið að gera til að vekja athygli á íþróttinni?
- a) Þetta er stöðugt verkefni, sem betur fer kannski. Við erum nú að gera ýmislegt en mest erum við að styðja félögin í því sem þau eru að gera vegna þess að þau hafa svona þekkingu sem hentar mest á þeim markaði sem þau eru að vinna á. En það sem er mikilvægt fyrir okkur kannski eru samskipti við fjölmiðla. Þau hafa svolítið lent inná borði hjá okkur og við höfum verið að byggja þau upp ágætis árangri á síðustu árum. Við til dæmis, það eru mörg sérsambönd hér hjá ÍSÍ sem eru stærri en Íshökkísambandið sem skilja ekkert í því af hverju við fáum svona mikla umfjöllun, þó að okkur finnist það sjálfum ekki vera nóg. Og þannig að okkur hefur orðið mikið ágengt að byggja upp gott samstarf við fjölmiðlana og það er bara svona vinna sem er stöðugt í gangi og er vinna sem að nýtist öllum eftir því sem fleiri kynnast íþróttinni því líklegra að ungu fólki langi til að reyna.
- 11) Meðal annars kannski voru, eru öll þessi byrjendanámskeið sem félögin eru alltaf að fara stað með hvern vetur, það er náttúrulega hluti af öllu þessu – að kynna íþróttina.
- a) Já það er svona meira samt á forræði félagana sjálfa. ÍHÍ blandar sér eiginlega ekkert í það. En við t.d. á síðasta ári, þá gáfum við út blað sem var dreift inná öll heimili á Akureyri og öll heimili í Reykjavík og hugmyndin með því var einmitt svolítið að styðja við þetta námskeiðahald sem er í gangi. Við erum með ákveðna heimasíðu sem styður þetta líka sem er bent á öll félögin, hvert fólk getur leitað, miðað við hvar það býr og svo af og til setjum við einhverjar svona litlar herferðir í gang í fjölmiðlum, í annaðhvort blöðum eða sjónvarpi til að minna fólk á að nú sé tíminn sem er rétti tíminn til að skrá börnin til keppni eða skrá þau til þátttöku.
- 12) Hvernig gekk mótið um daginn? Það var nú mót hérna í Reykjavík um daginn milli Íslands og Kanada, fjölda margir kanadískir íshökkíspilarar sem komu til landsins.
- a) Ég er kannski ekki rétti maðurinn til að ræða þetta mót því mótið var ekki á forræði ÍHÍ heldur var í sjálfu sér mót sem Björninn hélt en þær fréttir sem ég hef fengið af mótinu þá gekk það afar vel og vakti mikla athygli. Við hinsvegar ÍHÍ á sama tíma og mótið var þá var tíma og mótið var þá var kanadískur stelpuhökkídagur uppi hérna Egilshöll þar sem var verið að hvetja ungar stelpur úr hverfinu til þess að koma og

prófa spila íshokki og landsliðsstelpurnar okkar voru á staðnum og tóku á móti þeim og hjálpuðu þeim í fyrstu skrefunum á svellinu og voru að kynna svolítið íþróttina fyrir þeim og það veit ég að tókst afar vel en hefði mátt vera fleiri stelpur sem mættu en gekk rosalega vel. Og það er alveg frábært framtak.

13) En íshokki er alveg fjölskylduþrótt, er það ekki?

a) Jú mér finnst það en það eru nú ekki allir sammála því. En það er nú samt þannig að um leið og fólk kynnist íþróttinni og kemst í snertingu við hana og lærir til að mynda hve vel leikmennirnir eru varðir og heyrir til dæmis tölur um meiðsli í þessari íþrótt, samanborið við aðrar íþróttir sem við þekkjum eins og bara knattspyrnu og handbolta. Þá kemur það fólki þægilega á óvart að íshokki er bara mjög örugg íþrótt þó að það séu talsverð átök í henni og hún er mjög fjölskylduvæn. Við eigum hérna nokkrar íshokkifjölskyldur sem er að eru kannski 3-4 börn, pabbinn og það eru einhvernvegin allir farnir að spila, mamma líka. Og svo fyrir utan það að allir eru að æfa þá eru þeir að taka þátt í félagsstarfinu af miklum krafti og við erum alltaf að sjá fleiri og fleiri svona fjölskyldur og það er afar ánægjulegt dæmi í raun og veru. Fólk svona sogast inni þetta. Þetta er svona ofsalega skemmtileg íþrótt.

14) Það er ekki eitthvað sem fólk gerir sér grein fyrir, hvað maður er í rauninni í góðum búning þegar maður er að spila íshokki.

a) Já, það hefur því miður verið ég að segja svoldið loðað við íþróttina að þetta sé einhver svona ruddaíþrótt en það er bara ótrúlega mikill misskilningur sko. Þó það séu leyfð ansi mikil átök þá er það þannig að fólk er mjög vel varið með góðar hlífar til að verja líkamann fyrir svona smá pústrum og meiðslatíðni í íshokki er sem betur fer mjög lág, miklu lægri heldur en í boltaíþróttum sem að við þekkjum. En hinsvegar til þess að vera alveg heiðarlegur þá er það samt þannig að ef það verða meiðsli í íshokki þá verða þau því miður frekar alvarleg en svona smá meiðsli sem eru mjög algeng í boltaíþróttum þau þekkjast varla hjá okkur.

15) Í rauninni krefst íþróttin mikillar snerpu og fínleika í rauninni?

a) Já, þetta er svona íþrótt sem skemmtileg blanda. Þú þarft að hafa mikinn kraft, þú þarft að vera líkamlega mjög sterkur til að þess að vera góður íshokkileikmaður og bæði, á allan líkamann. Það er ekki nóg að vera bara sterkur í fótunum, þú þarft að vera mjög sterkur á efri skrokkinn og handleggi líka. En á sama tíma og þú þarft að vera mjög sterkur einstaklingur þá er þetta ein erfiðasta tækniíþrótt sem þú getur farið í, svo hún sameinar kraftinn og listfengið getum við, ég held að það sé ágætt að orða það þannig. Þú þarft að vera mjög tæknískur og lipur, á sama tíma og þú ert öflugur eða kraftmikill.

16) Þetta er í rauninni mjög góð líkamlegt sport, þetta reynir á allar hliðar íþróttar eða þannig?

a) Íþróttin er sérstök að því leyti að hún krefst þess að maður sé í alhliða mjög góðu líkamlegu ástandi. Eins og ég sagði áðan þá er ekki nóg að vera bara sterkur á fótum eða bara sterkur á efri skrokknum þú þarft að vera svona heilt yfir í góðum balance og svo hafa gríðarlega gott úthald. Þetta krefst þess að menn þurfa að vera í stöðugri alhliða þjálfun. Það er eiginlega það sem skilar mönnum lengst áfram.

17) En hvernig fannst þér HM kvenna takast síðastliðið vor?

a) Við vorum alveg rosalega ánægð með það. Það var auðvitað rosalega gaman fyrir okkar bestu stelpur að fá tækifæri að spila hér heimalandsleiki. Við höfðum áður haldið hér þrjú mót fyrir karlanna, fyrst var 2000, svo 2004 og svo 2006. Og hérna, þetta er mikil upplifelsi fyrir Íslending að fá að spila fyrir hönd sinnar þjóðar. Þessir

góðir íþróttamenn, alveg sama hvort við erum að tala um karla eða konur, eru búin gera þetta reglulega erlendis. Varið heiður okkar erlendis, árum saman. Þannig það er alltaf stórt augnablik þegar að fá loksins að spila á heimavelli. Og þær stóðu sig frábærlega stelpurnar. Og ég held að allir gestirnir sem komu til okkar, sem voru eitthvað um 150. þúsund manns, þeir voru sérlega ánægðir, ánægðir með móttökurnar og aðstæðurnar. Og við höfum orð á okkur Íslendingar fyrir að vera góðir gestgjafar, sem lýsir sér meðal annars í því að við fengum úthlutað núna karlamóti. Íslenska karlaliðið hefur ekki spilað hér heima síðan 2006 og hefur verið að taka miklum framförum. Og það er mikil spenna, einmitt út af því núna að þeir eru einmitt að upplifa það sama og stelpurnar gerðu á seinasta ári að nú þeir loksins að spila á heimavelli og sýna hvað í þeim býr. En þetta er ofsalega mikilvægt fyrir íþróttina okkar að sýna landsmönnum hvað við eigum orðið frambærilegt íþróttafólk á þessu sviði. Og ég meina, stelpurnar eru að spila í svona, eru eitthvað um topp 30 í heiminum og strákarnir líka. Og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það eru rétt um 10 ár síðan þessi íþrótt byrjaði hér á landi af einhverju gagni. Og við sáum þjóðir og lönd sem eru margfalt stærri en við og skilja ekkert í því að þetta pínulitla eyríki getur haft svona marga frambærilega íþróttamenn á þessu sviði í þessari íþrótt. Þannig í rauninni er þetta alveg frábært tækifæri.

18) Hér stoppaði ég viðtalið vegna þess að barn fór að gráta í kaffiteríu ÍSí.

19) En svona mót, eins og heimsmeistaramótið (Off camera spurði ég hann þarna hvaða mót hann hefði verið að meina með móti karla næsta vor. Hann svaraði að þetta væri heimsmeistaramót karla)

20) Þessi mót eins og síðastliðið heimsmeistaramót og nú taka karlarnir þátt í heimsmeistaramóti. Þetta er mjög mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að sjá landsliðin að keppa, að sjá hvernig þú getur spilað íþróttina.

a) Já, algjörlega. Í raun og veru má segja að þarna eru allar mestu og bestu fyrirmyndirnar, vegna þess að með þessa íþrótt og allar aðrar að þá þurfa, þá eru, getum við sagt, bestu leikmennirnir – fyrirmyndir þeirra yngri og þarna fá þeir að sjá, fengu að sjá og fá að sjá núna í karlaflokknum, besta íþróttarfólkið okkar á þessu sviði keppa fyrir hönd landsins. Það er alltaf rosalegur heiður að fá að spila fyrir landið sitt og mikil stemming í hópnum og ég er ekki í nokkrum vafa um það að í áhorfendastúkunni eru annaðhvort litlir strákar eða litlar stelpur sem eiga svo eftir að vera framtíðarafreksmenn á þessu sviði þannig þetta er mjög mikilvægt fyrir starfið hérna heima að fólk fái að sjá árangurinn af því sem það er að gera vegna þess að það er nú þannig að íshökkísamband Íslands er ekkert að rækta neina leikmenn það eru félögin að gera. Og þess vegna er svo, þetta er svo mikið, þetta hefur svo jákvæð áhrif á allt starfið að sjá það að við erum að ná alveg frábærum árangri á alheimsvísu.

21) En hvernig finnst þér framtíð íshökkí á Íslandi vera?

a) Sko, heilt yfir er hún mjög björt. Það er auðvitað þannig að í svona hreyfingu koma svona upp og niður sveiflur og þær ganga, við sjáum þær sko, eins og maður hefur verið lengi í þessu og ég, ég sé þær ganga milli klúbba að þegar eitt félag er kannski örlítið að gefa eftir og minnka og starfsemin örlítið að dragast saman þá er annað að þenjast út. En heilt yfir erum við í nokkuð góðum málum, við höfum verið svo lánsöm alveg frá því við byrjuðum að æfa íþróttina skipulega að við höfum verið með mjög góða þjálfara. Mikið af erlendum þjálfurum sem hafa skilið eftir sig hérna, menningu

og reynslu sem við búum að í dag. Og félögin hafa verið mjög metnaðarfull að ráða til sín góða þjálfara. Það hefur skilað okkur mjög langt. Við eigum líka mjög metnaðarfullt fólk í hreyfingunni: foreldra, fólk sem er að starfa inní hreyfingunni og allt í kringum íþróttina. Fólk sem leggur á sig ótrúlega mikla vinnu til þess að þessi íþrótt geti verið stærri og betri heldur en hún er. Og ég held að við þurfum ekkert að kvíða neinu ( Hér stoppaði ég, því síminn hringdi hjá Viðari)

- b) Já, ég held að við þurfum ekki að kvíða neinu vegna þess að alveg sama hvert við lítum það er fullt börnum að æfa og meðan að félögin standa sig vel í því að fá krakka inn til að prófa íþróttina að þá kvíðum við engu. Við erum enn á uppleið, og ég sagti það að við eigum heima í svona topp 20. Ég held að við höfum alla burði og getu til að vera í topp 20 í bæði karla og kvennaflokki. Það byggist hinsvegar á því að klúbbarnir séu með nógu stóran grunn, hafi nógu mörg börn til þess að píramídinn sé svona eðlilegur í laginu. Við sjáum það þegar koma svona einstök ár þegar fjöldinn hefur dottið niður og það hefur gerst í öllum klúbbunum og þá kemur svona skarð í píramídann hjá þeim og það skilar þá færri góðum leikmönnum upp alla leið en ég held að ef að metnaðurinn sem er til staðar í dag, og hefur verið til á síðustu tíu árum verði sambærilegur áfram þá höldum við bara áfram að vaxa og höldum áfram að fikra okkur upp heimslistanna. Og það er heldég nokkuð raunhæft markmið að á næstu 10-15 árum að komast uppí topp 20.

## VIÐAUKI VI

### *Viðtal við Birgir Sigurðsson, íshökkíspilara og fjölskylduafaðir*

Tekið í Egilshöll haustið 2011. Ekki notað í sjálfri heimildamyndinni. Að lokum klippt úr til að geta stýtt myndina enn frekar.

1. Fjölskyldan þín æfir öll íshokki? - Já.
2. Hjá Skautafélaginu Birninum? - Já, af sjálfsögðu.
3. Þú æfir með old boys? Og konan þín? - Búinn að gera það í tvö ár. Konan er að æfa með kvennaliðinu og strákurinn í 5.flokk og stelpa í 4.flokk og meistaraflokk. Þetta er fjölskyldusport.
4. Hvernig finnst þér félagsstarfið hérna hjá Birninum? - Bara mjög gott.
5. Svona viðbrigði samt að öll fjölskyldan sé að æfa sömu íþrótt? – Já, samt – getum verið á einum stað. Sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar.
6. Börnunum finnst þetta skemmtilegt? – Mjög gaman.

## VIÐAUKI VIII

### Styrkir

Fjárhagsáætlun var enginn fyrir myndina. Reynt var að halda kostnaði niðri þar sem þetta var skólaverkefni. Ég ákvað þó að reyna að hafa samband við Íshökkísamband Íslands sem veitti mér einn ferðastyrk vegna verkefnisins, svo ég gæti farið norður á Akureyri og tekið upp myndefni og viðtöl.

Íshökkísamband Íslands

Ferðastyrkur vegna heimildamyndarinnar Íshökkí á Íslandi: 30.000 kr.